

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B26-31

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 26-31

Nr. 234-275

2005

Efnisyfirlit B 26–31 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
234	23. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005	305
235	23. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða	305-306
236	23. feb.	Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingarleyfis- og þjónustugjöld tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar	307-313
237	25. feb.	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík	313
238	28. feb.	Reglugerð um ættleiðingar	314-319
239	2. mars	Auglýsing (IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta	320-321
240	2. mars	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	321
241	2. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Sléttuvegur, Reykjavík	322
242	3. mars	Auglýsing um skipulagsmál í Garðabæ	322
243	4. mars	Auglýsing um staðfestingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014	323
244	22. feb.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurlandi	324-333
245	22. feb.	Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Hveragerði	333
246	16. feb.	Gjaldskrá um gatnagerðargjald í Mosfellsbæ	334-336
247	25. feb.	Auglýsing um deiliskipulag Hverfisgata – Hávegur, Siglufirði	336
248	23. feb.	Samþykkt um fráveitur í þéttbýlisstöðum Fljótsdalshéraðs ..	337-339
249	22. feb.	Samþykkt um fráveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði	339-342
250	15. feb.	Gjaldskrá fyrir Vopnafjarðarhöfn	342-346
251	28. feb.	Reglur um félagslega heimaþjónustu í Grýtubakkahreppi	347-348
252	21. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um akstursþróttir og aksturskeppni, nr. 257, 18. apríl 2000	349
253	28. feb.	Auglýsing um skipulagsmál í Mosfellsbæ	349-350
254	25. feb.	Auglýsing um skipulagsmál í Hafnarfirði	350
255	4. jan.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Fjarðabyggð	351
256	16. feb.	Gjaldskrá byggingarfulltrúans í Mosfellsbæ m.a. vegna úttekta, vottorða o.fl.	351-352
257	21. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi	353
258	16. feb.	Gjaldskrá byggingarleyfisgjalda í Mosfellsbæ	353-354
259	23. feb.	Reglugerð um breytingar á reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar	354-355
260	22. feb.	Samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa á Fljótsdalshéraði	355-357

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 2005

23. febrúar 2005

305

Nr. 234

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.**

1. gr.

Á 5. tl. 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

Í stað: „Innfjarðarrækja samtals 500“ komi: Innfjarðarrækja samtals 300.

Í stað: „Þ.a. Arnarfjörður 500“ komi: Arnarfjörður 300.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Þórður Eyþórsson.

23. febrúar 2005

Nr. 235

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999,
um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.**

1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Landamærastöðvar skulu staðsettar á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Hafnarfirði, Húsa-
vík, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Reykjavík og Þorlákshöfn. Fiskmjöl má aðeins fara um
landamærastöðvar í Hafnarfirði, Reykjavík og á Akureyri. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara
um landamærastöð á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 2005

23. febrúar 2005

307

Nr. 236

GJALDSKRÁ

fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingarleyfis- og þjónustugjöld tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, hvort sem eru á eignar- eða leigulóðum á Akranesi skal greiða gatnagerðargjald til sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda stofngjald holræsa skv. lögum nr. 15/1923 og byggingarleyfisgjald og þjónustugjöld tæknideildar skv. skipulags- og byggingarlægum nr. 73/1997.

2. gr.

Tekjum sveitarfélagsins vegna gatnagerðargjalda skal varið til þess að gera bæði eignar- og leigulóðir byggingarhæfar þ.e. til greiðslu kostnaðar við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum þ.m.t. vegna götulýsingar, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða.

Tekjum sveitarfélagsins vegna stofngjalds holræsa skal varið til holræsaframkvæmda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna byggingarleyfis- og þjónustugjalda tækni- og umhverfissviðs skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu tækni- og umhverfissviðs kaupstaðarins við lóðarhafa og byggingaraðila.

3. gr.

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýrra lóða og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnaði á þegar byggðum og eldri lóðum. Gatnagerðargjald er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Í desember 2004 kr. 95.066,90.

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðið gjald eftir húsgerðum:

		kr. pr. m ² húss
Einbýlishús	10,5%	9.982
Rað- og fjöleignarhús	8,5%	8.081
Fjöleignarhús (fleiri er 6 íb.)	4,5%	4.278

Af atvinnuhúsnæði greiðist ákvæðið gjald af hverjum gólfplatarfermetra húss og af hverjum fermetra lóðar:

Af öllu öðru húsnæði en að ofan greinir svo sem atvinnuhúsnæði, gripahúsnæði, frístundahúsnæði og þ.h.

5,5%	kr.	5.229 pr. m ² húss (mannvirkis)
0,5%	kr.	475 pr. m ² lóðar.

Lágmarks- og hámarksgatnagerðargjald skv. gjaldskrá þessari er eftirfarandi:

	<i>Lágmark</i>	<i>Hámark</i>
	<i>kr. pr. íbúð</i>	<i>kr. pr. íbúð</i>
Einbýlishús	1.700.000	3.000.000
Rað- og fjöleignarhús (2-6 íb.)	1.200.000	2.000.000
Fjöleignarhús (fleiri en 6 íb.)	425.000	800.000

Lágmarksgjald skal þó aldrei vera hærra en ákvæði 3. gr. laga nr. 17/1996 leyfa.

Lágmarks- og hámarksgatnagerðargjald af öðrum lóðum en íbúðarlóðum skal taka mið af nýtingarmöguleika á lóð skv. því skipulagi, sem gildir við lóðarúthlutun.

Fyrir lagnakjallara, garðhús minni en 7,5 m² að flatarmáli og heimilisgróðurhús minni en 15 m² að flatarmáli skal ekki greiða gatnagerðargjald.

Af gluggalaus kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi, enda sé aðeins gengt í það rými innan frá.

Af bílgeymslum sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum skal greiða 50% af fermetragjaldi.

Gjald skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50.

Takmörkuð stöðuleyfi eru heimil til 6 ára í senn vegna dúkhúsa sem notuð verði fyrir innanhúsræktun. Umsóknir um stöðuleyfi skulu berast byggingarnefnd sem afgreiðir viðkomandi beiðnir á grundvelli gildandi skipulags.

Gjald fyrir stöðuleyfi sem heimilað er til 6 ára í senn af húsum minni en 500 m² er kr. 110.000, hús sem eru 500-1000 m² er kr. 190.000, og fyrir hús 1001-2000 m² kr. 270.000 og er tengt vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2004.

Útreikningur gjalda miðast við notkun samkvæmt ofangreindum flokkum. Verði notkun húsnæðis breytt þannig að það flytjist yfir í hærri gjaldflokk skal endurreikna gjaldið miðað við nýjan flokk að frádregnu eldra gjaldi.

Þrátt fyrir greiðslu lágmarks- eða hámarksgatnagerðargjalds skal vegna breytinga á eldra húsnæði greiða gjald af stækkuninni m.v. framangreint.

4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um allt að 25% eftir aðstæðum í götum eða hverfum.

Ákveði bæjarstjórn að hækka eða lækka gjaldskrá þessa vegna lóða í nýjum götum eða hverfum skal það liggja fyrir jafnhliða útgáfu byggingarskilmála fyrir lóðir í viðkomandi hverfi.

Í þeim tilvikum að lóðir séu stærri en 0,2 ha, getur bæjarstjórn innheimt allt að 0,1% (kr. 95) af hverjum m² lóðar auk hefðbundins gatnagerðargjalds sbr. 3. gr.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að leita tilboða í tiltekna lóðir m.a. þar sem ætlast er til að lóðarhafi annist gatnagerðarframkvæmdir að hluta eða bæjarstjórn hyggst kaupa hluta áformaðra framkvæmda lóðarhafa.

Breytingar húsnæðis.

6. gr.

Af stækkun húsnæðis skal greiða gatnagerðargjald í samræmi við 3., 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

Stofngjald holræsa.

7. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

	kr.
Fyrir einbýlis-, par- og raðhús	250.000 á hverja íbúð.
Fyrir fjölbýlishús	100.000 á hverja íbúð.
Fyrir annað húsnæði	300.000 pr. tengingu.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald holræsa á stöðum fjarri dreifikerfislögnum holræsa, þ.e. yfir 50 m.

Álagning fráveitugjalds.

8. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróar (jafnaðargjald) skal vera eftirfarandi:

	<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Árgjald kr.</i>
Rotþró	0 - 2000	5.000
Rotþró	2001 - 4000	5.500
Rotþró	4001 - 6000	6.000
Rotþró	> 6000	2.000 pr. m ³ umfram 6000 ltr.

Gjald dagar árgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Gjald fyrir sérstaka þjónustu:

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 metrar en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega kr. 4.000 á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð skal húseigandi greiða aukalega gjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu árgjaldi fyrir þá losun.

Byggingarleyfis- og þjónustugjöld.

9. gr.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem tækni- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

		kr.
Byggingarleyfisgjald:	Afgreiðslugjald (fast gjald)	4.550
	Gjald pr. m ²	150
Framkvæmdaleyfisgjald:	(heild)	4.550

		kr.
Tímabundin stöðuleyfi:	Hjólhýsi, gámar o.fl.	4.550
Vottorð:	Fokheldisvottorð	5.700
	Stöðuúttektarvottorð	5.700
Úttektir:	Einb.hús, parhús og raðh. á 1 hæð (Að meðalt. 10 útt. + lokaúttekt)	34.000
	Einb.hús, parhús og raðh. á 2 hæðum	39.800
	Fjölbýlishús (t.o.m. 6 íbúðir)	39.800
	Viðbót v. fleiri íb. (kr. pr. íbúð)	5.700
	Annað húsnæði	59.000
	Minni byggingar (gripahús o.þ.h.)	11.400
	Stöðuúttektir	5.700
	Úttekt v. skipta á meist./byggingastjóra	5.700
	Húsaleiguúttektir (íbúðir)	5.700
	Húsaleiguúttektir (atvinnuhúsnæði)	8.500
	Úttekt v. vínveitingaleyfis	5.700
	Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	4.600
Mælingagjald:	Útsetning húss og lóðar (tvær mælingar)	68.000
Yfirferð séruppráttá:	Heimilt er að innheimta gjald sem nemur sannanlegum útlögðum kostnaði vegna yfirferðar séruppráttá.	
Eignaskiptayfirlýsingar:	Fyrsta umfjöllun	10.000
	Síðari umfjallanir (innan 2ja vikna)	2.500
	Sé óskað yfirferðar yfir sama skjal með lengra millibili en að framan greinir kostar hver yfirferð	10.000

Byggingarleyfisgjald endurgreiðist ekki þótt leyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi.

Sé byggingarleyfi endurnýjað óbreytt skal greiða afgreiðslugjald.

Byggingarleyfisgjöld ásamt gjöldum fyrir úttektir og mælingar eru ákvörðuð og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis. Önnur gjöld gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

Fyrir breytingar á samþykktu deiliskipulagi ber viðkomandi hagsmunaaðili allan kostnað af breytingunum.

Greiðslu- og endurgreiðsluskilmálar og aðrir skilmálar.

10. gr.

Reglur um úthlutun lóða.

Innan eins mánaðar skal sá er fær úthlutað lóð greiða til bæjarsjóðs Akraness upp í væntanleg gatnagerðar-, byggingarleyfis- og stofngjöld. Greiðsla skal miðuð við lágmarksgjald skv. 3. gr.

Hafi lóðarhafi ekki greitt tilskilin byggingarleyfisgjöld innan eins mánaðar frá úthlutun lóðar fellur úthlutunin úr gildi. Umsækjanda að lóð, sem fengið hefur sömu lóðinni tvisvar úthlutað, án þess að hann standi við þá skilmála að greiða innan eins mánaðar áætluð leyfisgjöld, verður ekki úthlutað lóðinni í þriðja sinn nema fyrir liggja greiðsla leyfisgjalda.

Endanleg álagning gjaldanna fer fram um leið og byggingarleyfið er veitt. Byggingarfrankvæmdir verða ekki leyfðar nema fullnaðaruppgjör álagðra gjalda fari fram.

Lóðarhafa er heimilt að skila lóð og skal þá endurgreiða honum gjöld þau sem áður hafa verið greidd. Heimilt er að fresta endurgreiðslu gatnagerðargjalds í allt að 12 mánuði eftir að lóð er skilað gegn greiðslu almennra innlánsvaxta á innstæðu sem ógreidd kann að vera í 3 mánuði eða lengur.

Byggingarleyfisgjald er óendurkræft skv. 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 ef leyfi fellur úr gildi eða er felld úr gildi. Sé leyfi endurnýjað óbreytt er gjaldið ákveðið með tilliti til þess.

Úthlutun lóða fellur úr gildi í eftirfarandi tilvikum:

- a) Ef álögð gjöld eru ekki greidd innan eins mánaðar frá úthlutun lóðar.
- b) Hafi teikningar af fyrirhugaðri byggingu ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 3ja mánaða frá því að lóð var úthlutað. Byggingarfulltrúa er heimilt að veita viðbótarfrest í allt að einn mánuð í þeim tilfellum sem lóðarhafi sýnir fram á að frestur sé ekki nægur til að leggja fram nauðsynlegar teikningar af þeirri húseign sem byggja skal.

Sé lóð tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum eða úthlutun fellur úr gildi af öðrum orsökum, skal bæjarsjóður endurgreiða gatnagerðargjald á því rúmmetragjaldi, sem gildir þegar lóðarúthlutun fellur úr gildi. Ákveði bæjarsjóður að fresta endurgreiðslu gjaldsins í allt að 12 mánuði skal inneign hvorki bera verðbætur eða vexti á þeim tíma. Bæjarsjóði skal heimilt að ákveða sér hæfilega þóknun fyrir þá þjónustu, sem veitt hefur verið áður en lóðarúthlutun féll úr gildi.

Lóðarhafa er óheimilt að framselja lóðarréttindi fyrr en lóðarleigusamningur hefur verið gerður. Skilyrði þess að lóðarleigusamningur verði gerður við lóðarhafa er að hann hafi lokið frágangi á sökklum og grunnplötu.

Frankvæmdir á lóðinni eru háðar byggingarlögum og byggingarreglugerð, skipulagslögum, skilmálum og ákvæðum sem bæjarsjórn Akraness setur og fást afhent á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.

Lóðaruppdráttur og mæliblöð verða afhent á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs gegn framvísun kvittunar fyrir fyrirframgreiðslu byggingarleyfisgjalda.

Með undirritun sinni á umsókn samþykkir lóðarhafi að hlíta ofangreindum reglum svo og þeim reglum sem vísað er til.

Gatnagerðar-, byggingarleyfisgjald og stofngjald holræsa samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða innan eins mánaðar frá samþykkt byggingarleyfis enda öðlast byggingarleyfið ekki gildi án greiðslu þessara gjalda.

11. gr.

Þjónustugjöld tækni- og umhverfissviðs samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við útgáfu reiknings fyrir veitta þjónustu.

12. gr.

Greiðsla gatnagerðargjalds.

Greiða skal 50% gatnagerðargjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar þegar byggingarleyfi er veitt. Hafi gjöldin eigi verið greidd innan ofangreinds frests, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi. Umsækjanda að lóð, sem fengið hefur tvisvar sömu lóðinni úthlutað án þess að hann standi við þá skilmála að greiða innan eins mánaðar áætluð leyfisgjöld, verður ekki úthlutað lóðinni í þriðja sinn, nema hafi liggja greiðsla leyfisgjalda.

Bæjarráð getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi tengdu veitingu byggingarleyfis séu sérstakar ástæður fyrir hendi.

13. gr.

Endurgreiðsla gatna- og holræsagjalds.

Gjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b) Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt á nafnvirði og án vaxta, frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

14. gr.

Afturköllun lóðarúthlutunar og heimild til afturköllunar byggingarleyfis ef gatnagerðargjald er ekki greitt.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er bæjarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

15. gr.

Um eldri samninga og gatnagerðargjöld, álögð fyrir 1. janúar 1997.

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögð gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997, skulu halda gildi sínu og innheimtast skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu.

16. gr.

Ef lóðarhafi rífur hús/húshluta eða flytur hús af lóð og byggir annað hús í staðinn á sömu lóð, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald að því er stækkun nemur. Ef byggt er minna hús á lóð, en það sem rífið var eða fjarlæggt skapar það ekki rétt til endurgreiðslu gatnagerðargjalds. Þar sem samliggjandi lóðir mynda eitt athafnasvæði gildir sama regla. Í því tilviki að hús er flutt á milli lóða skal leggja gatnagerðargjald á ef húsið er sett á lóð sem ekki fylgja gatnagerðargjöld skv. 1. mgr.

17. gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.

Gatnagerðar- og holræsagjaldi samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár hennar.

18. gr.

Einingarverð samkvæmt gjaldskrá þessari breytast fyrsta janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhúss (1. desember 2004: 95.066,90 kr./m², byggingarvísitala 304,8 stig) og skal þá miðað við byggingarkostnað í desember árið áður en breytt einingarverð tekur gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.
Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.**

19. gr.

Lög um gatnagerðargjöld nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975 gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974 sem lokið er við fyrir 1. janúar 2007.

Ákvæði eldri laga um álagningu gjalda vegna slíkra framkvæmda gilda einungis um lóðir sem úthlutað hefur verið eða veitt hefur verið byggingarleyfi á fyrir 1. janúar 1997.

20. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 22. febrúar 2005, skv. lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut kunna að eiga að máli. Með samþykkt þessarar gjaldskrár falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir gatnagerðargjald á Akranesi nr. 844/2004, gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjöld og tæmingu rotþróa á Akranesi nr. 57/2004, og gjaldskrá yfir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans á Akranesi nr. 386/2003.

Akranesi, 23. febrúar 2005.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Skútuvegur 14 – 16.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 16. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skútuveg 14 – 16.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kringlan 4 – 12.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 16. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kringluna 4 – 12.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álagrandi 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 9. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Álagranda 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 25. febrúar 2005.

e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

REGLUGERÐ

um ættleiðingar.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Með orðinu frumættleiðing er átt við ættleiðingu á barni sem ekki er barn eða kjörbarn maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist.

Með orðinu stjúptættleiðing er átt við ættleiðingu á barni eða kjörbarni maka umsækjanda, sambúðarmaka eða maka í staðfestri samvist.

Með orðunum alþjóðleg fjölskylduættleiðing er átt við ættleiðingu erlends ríkisborgara eða fyrrum erlends ríkisborgara, sem á fasta búsetu hér á landi, á tilteknu barni, sem er umsækjanda náskykt og sem er búsett í upprunalandi hans. Þetta á við hvort sem umsækjandi sækir einn um ættleiðingu eða með maka sínum.

II. KAFLI

Umsóknir og fylgigögn.

2. gr.

Umsókn.

Umsókn um ættleiðingu barns og um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni skal rituð á eyðublað sem ráðuneytið lætur í té.

3. gr.

Fylgigögn.

Með umsókn samkvæmt 2. gr. skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a. Almennar upplýsingar um umsækjendur.
- b. Upplýsingar um heilsufar umsækjenda.
- c. Læknisvottorð.
- d. Hjúskaparvottorð eða vottorð um staðfesta samvist umsækjenda.
- e. Staðfesting þjóðskrár á sambúðartíma umsækjenda, ef við á.
- f. Staðfest ljósrit skattframtala umsækjenda fyrir tvö síðustu ár.

Þegar sótt er um ættleiðingu fósturbarns umsækjenda skulu að auki fylgja gögn frá viðkomandi barnaverndarnefnd varðandi ráðstöfun barnsins í fóstrið.

Þegar sótt er um ættleiðingarleyfi á grundvelli forsamþykkis ráðuneytisins eða um staðfestingu ráðuneytisins á réttaráhrifum ættleiðingar barns erlendis skulu fylgja hið erlenda ættleiðingarskjal eða erlendur dómur er sýni að lögráð barnsins hafi verið fengin umsækjendum í því skyni að það verði ættleitt hér á landi, erlent vegabréf barnsins og skjal er sýni að mátt hafi ættleiða barnið. Enn fremur fæðingarvottorð barns og heilsufarsskýrsla þess, ef unnt er. Íslensk þýðing skal fylgja ef gögnin eru á öðru tungumáli en ensku.

4. gr.

Form fylgigagna o.fl.

Gögn þau sem tilgreind eru í a., b. og c. liðum í 3. gr. skulu rituð á eyðublöð sem ráðuneytið lætur í té. Læknisvottorð skal gefið út af heimilislækni umsækjenda, en ef honum er ekki til að dreifa þá af lækni sem annast hefur umsækjendur.

Læknisvottorð verður að hafa verið gefið út á síðustu þremur mánuðum áður en umsókn er lögð fram.

Ef ráðuneytið telur ástæðu til getur það kallað eftir vottorði eða áliti sérfræðings um heilsufar umsækjenda. Ráðuneytið greiðir kostnað af slíku vottorði eða áliti.

5. gr.

Undanþága frá framlagningu gagna.

Nú er sótt um að ætteleiða mann sem orðinn er 18 ára og þarf þá ekki að leggja fram þau gögn sem tilgreind eru í a., b., c. og f. liðum í 3. gr. Ráðuneytið getur þó kallað eftir þeim ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

Fæðingarvottorð og sakavottorð.

Ráðuneytið kallar eftir fæðingarvottorðum umsækjenda og barns, sbr. þó 3. mgr. 3. gr., svo og sakavottorðum umsækjenda.

III. KAFLI

Skilyrði sem umsækjendur verða að uppfylla.

7. gr.

Ætteleiðing barna.

Ákvæði þessa kafla taka til ætteleiðinga barna innan 18 ára aldurs.

8. gr.

Hæfni til að fara með forsjá.

Umsækjendur skulu hafa til að bera eiginleika og skilning á þörfum barna sem gera þá vel hæfa til að sinna forsjárskyldum gagnvart barni í samræmi við ákvæði barnalaga.

9. gr.

Heilsufar.

Umsækjendur skulu vera svo andlega og líkamlega heilsuhraustir að tryggt sé, eftir því sem unnt er, að ætteleiðing verði barni fyrir bestu. Því mega umsækjendur ekki vera haldnir sjúkdómi eða þannig á sig komnir að það dragi úr lífslíkum þeirra á þeim tíma þar til barn verður sjálfráða, eða minnki möguleika þeirra til að annast vel um barn.

Eftirtaldir sjúkdómar eða líkamsástand, sem ekki er hér tæmandi talið, geta leitt til synjunar á umsókn um ætteleiðingu eða um forsamþykki til ætteleiðingar á erlendu barni:

- a. Alnæmi og aðrir alvarlegir smitsjúkdómar.
- b. Fötlun eða hreyfihömlun.
- c. Geðsjúkdómar, geðraskanir eða þroskahömlun.
- d. Hjarta- og æðasjúkdómar.
- e. Innkirtlasjúkdómar.
- f. Krabbameinssjúkdómar.
- g. Líffæraþegar.
- h. Lungnasjúkdómar.
- i. Meltingafærasjúkdómar.
- j. Nýrnasjúkdómar.
- k. Offíta.
- l. Sjálfsöfnæmissjúkdómar.
- m. Sykursýki og taugakerfissjúkdómar.

Ráðuneytið setur nánari reglur um heilsufarsskilyrði umsækjenda til fyllingar þessu ákvæði.

Víkja má frá ákvæðum þessarar greinar vegna umsóknar um stjúptættleiðingu barns þegar sérstaklega stendur á.

10. gr.

Sambúðartími.

Nú sækja hjón um frumættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni og skulu þau þá sannanlega hafa verið í samfelldri sambúð í a.m.k. þrjú ár.

Nú sækja karl og kona í óvígðri sambúð um frumættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni og skulu þau þá sannanlega hafa verið í samfelldri sambúð í a.m.k. fimm ár.

Þegar umsókn um stjúptættleiðingu er lögð fram skal umsækjandi sannanlega hafa verið í samfelldri sambúð með foreldri eða kjörforeldri barns í a.m.k. fimm ár. Þetta gildir hvort sem um er að ræða hjón, karl og konu í óvígðri sambúð eða tvo einstaklinga í staðfestri samvist. Víkja má frá þessu ákvæði vegna umsóknar maka í hjónabandi eða staðfestri samvist ef barn hefur verið getið við tæknifrjóvgun og verður ekki feðrað af þeim sökum. Sambúð skal þó hafa verið samfelld í a.m.k. tvö og hálf tveimur árum í slíkum tilvikum.

11. gr.

Aldur umsækjenda.

Þegar umsókn um frumættleiðingu eða um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni er lögð fram mega umsækjendur ekki vera eldri en 45 ára.

Víkja má frá ákvæði 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

- a. Annar tveggja umsækjenda er nokkuð eldri en um getur í 1. mgr. og hinn nokkuð yngri.
- b. Umsækjendur hafa ættleitt barn á síðustu tveimur árum áður en umsókn er lögð fram.
- c. Ef alveg sérstakar ástæður mæla með því að umsókn verði tekin til greina, svo sem ef um er að ræða systkini barns sem umsækjendur hafa áður ættleitt eða önnur sérstök tengsl eru við væntanlegt kjörbarn.

12. gr.

Önnur skilyrði.

Umsækjendur skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi húsnæði og öðrum aðbúnaði til þess að geta veitt barni þroskavænleg uppeldisskilyrði.

Efnahagur umsækjenda skal vera traustur.

Umsækjendur mega ekki hafa hlotið refsidóm sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að veita barni gott uppeldi.

IV. KAFLI

Umsagnir barnaverndarnefnda í ættleiðingarmálum.

13. gr.

Ættleiðing skal vera barni fyrir bestu.

Í umsögn barnaverndarnefndar skal koma fram hvort barnaverndarnefnd telur að fyrirhuguð ættleiðing sé barni fyrir bestu. Þá skal koma fram hvort barnaverndarnefnd mælir með því að ættleiðing verði heimiluoð eða ekki. Niðurstaða barnaverndarnefndar skal vera ítarlega rökstudd, eftir atvikum með skírskotun til greinargerðar félagsráðgjafa eða annars fagmanns, sem kannað hefur mál fyrir nefndina og skilað henni greinargerð.

14. gr.

Leiðbeiningar til handa barni o.fl.

Nú er sótt um að ættleiða barn sem orðið er 12 ára og skal þá koma fram í umsögn barnaverndarnefndar að rætt hafi verið við barnið á vegum nefndarinnar og því veitt leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar. Gera skal grein fyrir því hver eða hverjir ræddu við barnið og enn fremur hvar og hvenær það var gert.

Þegar sótt er um að ættleiða barn sem er yngra en 12 ára skal koma fram hvort rætt hafi verið við barnið á vegum barnaverndarnefndar og því veitt leiðsögn um ættleiðingu og réttaráhrif hennar. Ef rætt hefur verið við barnið skal gera grein fyrir því hver eða hverjir gerðu það og hvar og hvenær það var gert. Skal þá einnig geta um afstöðu barnsins til fyrirhugaðrar ættleiðingar. Ef ekki hefur verið rætt við barnið skal gera grein fyrir ástæðum þess að það var ekki gert.

15. gr.

Annad efni umsagnar barnaverndarnefndar.

Í umsögn barnaverndarnefndar eða meðfylgjandi greinargerð fagmanns skal koma fram að umsækjendur uppfylli skilyrði III. kafla reglugerðar þessarar, eftir því sem við á. Sérstaklega skal eftirfarandi koma fram:

- a. Hvar og hvenær rætt var við umsækjendur.
- b. Ástæður þess að umsækjendur óska eftir að ættleiða barn.
- c. Stutt lýsing á uppvexti umsækjenda, menntun þeirra og störfum.
- d. Lýsing á persónulegum eiginleikum umsækjenda, áhugamálum þeirra og tómstundaíðkan.
- e. Lýsing á afstöðu umsækjenda til umönnunar og uppeldis barna.
- f. Lýsing á heilsufari umsækjenda og notkun þeirra á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum.
- g. Lýsing á félagslegri og fjárhagslegri stöðu umsækjenda.
- h. Stutt lýsing á fyrstu kynnum umsækjenda, sambúð og eftir atvikum hjónabandi, þ. á m. hvenær stofnað var til hjúskapar.
- i. Lýsing á heimili umsækjenda og umhverfi þess, sérstaklega með tilliti til þarfa barns sem sótt er um að ættleiða. Greina skal frá afstöðu heimilisins til leiksvæða, leikskóla og skóla, eftir því sem við á.
- j. Lýsing á tengslum umsækjenda og barns sem óskað er eftir að ættleiða.
- k. Lýsing á tengslum umsækjenda og annarra barna á heimili þeirra, ef því er að skipta. Enn fremur á uppeldi þeirra barna, félagslegri stöðu þeirra og öðru sem máli skiptir.
- l. Stutt lýsing á afstöðu nánustu skyldmenna umsækjenda til fyrirhugaðrar ættleiðingar og stuðningi þeirra við barnið ef á þarf að halda.
- k. Stutt lýsing á fyrri sambúðum eða hjónaböndum umsækjenda, ef því er að skipta.
- n. Stutt samantekt og mat.

Nú sækir einhleypur maður um ættleiðingu barns og skal þá í umsögn barnaverndarnefndar gerð rækilega grein fyrir því að umsækjandi sé sérstaklega hæfur umfram aðra til að taka að sér barn vegna eiginleika sinna eða reynslu, t.d. að umsækjandi hafi mikla reynslu af umönnun og uppeldi barna eða nán skyldleika- eða vináttutengsl séu á milli barns og foreldra þess og umsækjenda.

Þegar sótt er um ættleiðingu á fósturbarni skal greina frá aðdraganda fósturráðstöfunarinnar og því hvernig til hefur tekist með fóstrið.

Þegar sótt er um stjúpættleiðingu skal gæta ákvæðis þessarar greinar eftir því sem við á.

V. KAFLI

Umsagnir barnaverndarnefnda vegna umsókna um forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni.

16. gr.

Hæfni umsækjenda til að ættleiða erlent barn.

Í umsögn barnaverndarnefndar skal koma fram hvort nefndin telur umsækjendur vel hæfa, hæfa eða ekki hæfa til að ættleiða barn frá öðru landi. Skal mat barnaverndarnefndar á hæfi umsækjenda vera rækilega rökstutt, eftir atvikum með skírskotun til greinargerðar félagsráðgjafa eða annars fagmanns, sem kannað hefur mál fyrir nefndina. Þá skal koma fram hvort barnaverndarnefnd mælir með því að forsamþykki verði gefið út eða ekki.

17. gr.

Annað efni umsagnar barnaverndarnefndar.

Í umsögn barnaverndarnefndar eða meðfylgjandi greinargerð fagmanns skal koma fram að umsækjendur uppfylli skilyrði III. kafla reglugerðar þessarar, eftir því sem við á.

Enn fremur skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem tilgreind eru í l. mgr. 15. gr. reglugerðar þessarar.

Í umsögninni skal einnig koma fram lýsing á undirbúningi umsækjenda fyrir komu barns til landsins.

Loks skal gerð grein fyrir eftirliti með ungbörnum hér á landi, þ. á m. börnum sem ættleidd eru hingað til lands.

VI. KAFLI

Ættleiðingar á erlendum börnum.

18. gr.

Milliganga ættleiðingarfélags.

Þeim sem óska eftir forsamþykki ráðuneytisins til að ættleiða erlent barn er skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem hefur löggildingu dómsmálaráðherra.

19. gr.

Alþjóðleg fjölskylduættleiðing o.fl.

Víkja má frá ákvæði 18. gr. í undantekningartilvikum ef um er að ræða alþjóðlega fjölskylduættleiðingu eða ef aðrar alveg sérstakar ástæður mæla með ættleiðingu án milligöngu ættleiðingarfélags.

Þegar óskað er eftir að vikið verði frá ákvæði 18. gr. skulu umsækjendur leggja fram gögn frá viðkomandi ríki sem sýni að ættleiðingar sem þar fara fram séu í samræmi við íslensk ættleiðingarlög og grundvallarreglur Haag-samnings um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa frá 1993 og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Enn fremur skulu umsækjendur leggja fram gögn um og skýra nákvæmlega frá gangi ættleiðingarmáls í viðkomandi ríki, hvar og hvernig ættleiðing er veitt og gefa nákvæmar upplýsingar um þau gjöld sem greiða ber í því ríki og til hvers eða hversra þau greiðist. Þá skulu umsækjendur leggja fram ættleiðingarlög þess ríkis. Íslensk þýðing skal fylgja ef gögnin eru á öðru tungumáli en ensku. Ráðuneytið getur aflað staðfestingar frá viðkomandi ríki um að veittar upplýsingar séu réttar.

20. gr.
Námskeið.

Áður en forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni er gefið út skulu umsækjendur leggja fram staðfestingu á því, að þeir hafi sótt námskeið á vegum löggilts ættleiðingarfélags um ættleiðingar erlendra barna.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimildum í 3. mgr. 16. gr., 2. mgr. 30. gr., 2. mgr. 35. gr. og 41. gr. laga um ættleiðingar nr. 130 frá 31. desember 1999, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um ættleiðingar barna erlendis, nr. 1010 frá 17. desember 2003.

Úr umsóknum um ættleiðingu og forsamþykki til ættleiðingar á erlendu barni, sem borist hafa ráðuneytinu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, fer þó samkvæmt gildandi reglum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. febrúar 2005.

Björn Bjarnason.

Drífa Pálsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 2005

Nr. 239

320

2. mars 2004

AUGLÝSING

(IV) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

Ísafjarðarbær.

Afla sem úthlutað er á grundvelli byggðakvótaúthlutunar Ísafjarðarbæjar er skylt að vinna í viðkomandi byggðarlagi. Það telst vinna þegar afli er fullunnin í fiskvinnslu með starfsstöð í Ísafjarðarbæ. Þeir sem koma til greina við úthlutun eru krókaafلامarksbátar og aflamarksskip, sem skráð eru í Ísafjarðarbæ 1. janúar 2005.

1. Umsókn um byggðakvóta skal skilað á skrifstofur Ísafjarðarbæjar fyrir 15. mars 2005. Einnig má skila umsókn á netfangið thorleifur@isafjordur.is.
2. Byggðakvóta þeim er úthlutað var til Hnífsdals samtals 30 þorskígildislestum og til Þingeyrar 60 þorskígildislestum, skal úthlutað samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 960/2004 um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum.
3. Úthlutuðum aflaheimildum til Flateyrar 60 þorskígildislestum og til Suðureyrar 60 þorskígildislestum, samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á 173. fundi þann 30. desember 2004, verður eingöngu skipt á milli þeirra skipa/báta, sem voru með heimahöfn á Flateyri eða Suðureyri þann 1. janúar 2005. Ef umsóknir um veiðiheimildir verða umfram úthlutað aflamark á hvorum stað skal 50% aflaheimilda skipt að jöfnu milli umsækjenda og 50% hlutfallslega miðað við það aflamagn er viðkomandi skip/bátur landaði til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi fiskveiðiárið 2003/2004.
4. Með umsókn um byggðakvóta skal fylgja staðfesting fiskvinnslu í viðkomandi byggðarlagi, um að afli verði unninn þar. Gerð skal grein fyrir á hvaða tímabili umsækjandi hyggst veiða/landa úthlutuðum byggðakvóta. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok þessa fiskveiðiárs.
5. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta, sem einnig verði unninn í viðkomandi fiskvinnslu og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert.
6. Við verðlagningu afla skal að lágmarki greiða viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs fyrir þorsk, ýsu og karfa, en fyrir aðrar tegundir sambærilegt verð og algengast er á viðkomandi landssvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða.

7. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur, en heimilt er að skipta á jöfnu á markaðsvirði á öðrum tegundum en þorski, án þess að það teljist framsal á úthlutaðum aflaheimildum.
8. Í síðasta lagi þann 10. ágúst 2005 skulu útgerðir þeirra skipa, sem úthlutað fá byggðakvóta samkvæmt þessum reglum, skila inn skýrslu til Ísafjarðarbæjar, um nýtingu hans. Verði skýrslu ekki skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun afla ekki fylgt geta viðkomandi bátar átt á hættu að fá ekki úthlutaðan byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar síðar.

2. gr.

Leiðrétting á auglýsingu (II) nr. 136, 2. febrúar 2005: Siglufjörður, felldur er niður loka málsliður 3. tl.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. mars 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings hvítkáls í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9001	Hvítkál	07.03.05-30.06.05	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. mars 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 2005

Nr. 241

322

2. mars 2005

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Sléttuvegur, Reykjavík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að hluti svæðis fyrir þjónustustofnanir, vestan Háaleitisbrautar, milli Sléttuvegar og Bústaðavegar, breytist í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

Nr. 242

3. mars 2005

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi lóðar við 17. júní torg í Sjólandi.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við 17. júní torg 1-7 í Sjólandi í Garðabæ. Breytingin felst í að aðkoma í bílakjallara er færð frá austurhlið að suðurgafla hússins við 17. júní torg 1-7.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 3. mars 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 2005

4. mars 2005

323

Nr. 243

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. mars 2005 staðfest aðalskipulag Vestmannaeyja 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Vestmannaeyja 1988-2008 frá 2. júlí 1990, með síðari breytingum.

Umhverfissráðuneytinu, 4. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 2005

Nr. 244

324

22. febrúar 2005

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurlandi.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaganna heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 6.500
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 8.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af eftirlitsskyldri starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur samning við faggilta skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða rekur innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	1,0 tímagjald
Auk auglýsingakostnaðar ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	1,0 tímagjald
Auk eftirlitsgjalds viðkomandi fyrirtækjaflokks	
Auk auglýsingakostnaðar ef við á	

Önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	1,0 tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títugjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Eftirfylgniferðir og úttektir umfram það sem innfalið er í eftirlitsgjaldi greiðast skv. títugjaldi viðkomandi fyrirtækjaflokks.

6. gr.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga f.h. aðildarsveitarfélaga annast innheimtu eftirlitsgjalda og innheimtir jafnframt önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir, þjónustuverkefni og eftirfylgniferðir.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni er heimilt að innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 337/2002 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Selfossi, 22. febrúar 2005.

F.h. heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Elsa Ingjaldsdóttir framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

ÍSAT- númer	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður/kr.
01.12.1.0	Svepparækt	1	42.125
01.23.0.1	Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	40.375
01.23.0.2	Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	2	64.750
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	1	32.375
01.24.0.2	Alifuglarækt > 40.000 stæði	2	64.750
01.25.2.0	Loðdýrabú	1	24.375
01.25.9.0	Kanínurækt	1	24.375
01.42.0.1	Hundahótel	0,5	10.563
01.42.0.2	Kattahótel	0,5	10.563
01.42.0.3	Dýragæsla	0,25	9.344
01.42.0.4	Dýrasnyrtistofur	0,5	12.188
01.42.0.5	Dýrasýningar	0,5	18.688
02.01.0.1	Sögunarmyllur	0,25	3.656
05.02.1.1	Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	1	46.875
05.02.1.2	Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	0,5	10.563
05.02.1.3	Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	0,25	5.281
05.02.2.0	Land- og kvíaeldi, matfiskur	1	24.375
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám	0,5	12.188
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaníbúrdi og fyllingarefnum	0,25	6.094
14.30.0.0	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaíðnaðar og áburðargerðar	0,25	6.094
14.40.0.0	Saltvinnsla	1	26.000
14.50.0.0	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	0,5	13.813
15.11.0.1	Sláturhús < 50 t/dag	1	53.375
15.11.0.2	Sláturhús > 50 t/dag	2	90.750
15.12.0.0	Alifuglasláturhús	1	59.875
15.12.1.0	Dreifingarstöð fyrir alifugla	1	46.875
15.13.0.1	Kjötvinnsla, lítil	1	40.375
15.13.0.2	Kjötvinnsla, miðlungs	2	100.250
15.13.0.3	Kjötvinnsla, stór	3	201.875
15.13.0.4	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	1	50.125
15.13.0.5	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	2	119.750
15.13.0.6	Kjötvinnsla með reykingu, stór	3	221.375
15.13.0.7	Kjötpökkunarstöð	2	106.750
15.20.2.0	Saltfiskverkun	1	27.500
15.20.4.1	Heitloftspurrkun fiskafurða	1	24.375
15.20.5.0	Harðfiskverkun	1	21.125
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	1	24.375
15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	1	32.375
15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski, stór	1	48.625
15.20.7.1	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	2	61.750
15.20.7.2	Fiskmjölvinnsla	3	102.375
15.20.8.0	Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttá lítil	1	32.375
15.20.8.1	Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttá, miðlungs	1	50.125
15.20.8.2	Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttá, stór	2	105.250
15.20.9.0	Önnur ótalin fiskvinnsla	1	32.375
15.31.0.0	Vinnsla og þökkuna á kartöflum og grænmeti	0,5	19.438
15.31.0.1	Kartöfluvinnsla < 1 tonn á dag	1	35.625
15.31.0.2	Kartöfluvinnsla > 1 tonn á dag	1	48.625
15.31.0.3	Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	1	35.625
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	1	46.875
15.33.0.2	Salatgerð	1	46.875
15.33.0.3	Lauksteikingarverksmiðjur	1	27.625
15.41.0.1	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrangi < 10 tonn á dag	1	35.625

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður/kr.
15.41.0.2	Framleiðsla á mjóli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	2	95.750
15.42.0.0	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	1	30.875
15.42.0.1	Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	1	34.125
15.42.0.2	Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	1	24.375
15.42.0.3	Kaldhreinsun lýsis	1	27.625
15.43.0.0	Smjörlíkisgerð	1	38.875
15.51.0.0	Mjólkurbú og ostagerð	14	589.750
15.51.0.1	Mjólkurbú	3	189.375
15.51.0.2	Ostagerð	3	157.375
15.52.0.0	Ísgerð	2	100.250
15.61.0.1	Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag	0,5	12.188
15.61.0.2	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	1	40.375
15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs	0,5	12.188
15.71.2.0	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	0,5	12.188
15.81.0.1	Brauðverksmiðjur	3	157.375
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	32.375
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	45.375
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2	95.750
15.82.0.1	Kexverksmiðjur	2	89.250
15.82.0.2	Kökugerð, lítil	1	22.750
15.82.0.3	Kökugerð, miðlungs	1	35.625
15.82.0.4	Kökugerð, stór	1	45.375
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	51.875
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	21.125
15.86.0.0	Te- og kaffiframleiðsla	1	21.125
15.87.0.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	0,5	12.188
15.87.0.2	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	1	38.875
15.87.0.3	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	1	51.875
15.88.0.0	Framleiðsla mjólkurdufts	1	58.375
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	1	50.375
15.96.0.0	Bjórgerð	1	50.375
15.98.0.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítið	1	45.375
15.98.0.2	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	1	58.375
15.98.0.3	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	2	131.500
17.10.0.1	Ullarþvottastöðvar	1	87.375
17.10.0.2	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	0,25	4.469
17.30.0.1	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	1	24.375
19.10.0.1	Leðurvinnsla	0,25	4.063
20.10.0.1	Fúavörn á viði	0,25	6.094
20.20.0.0	Framleiðsla á krossviði, spónaplötum, límtré o.p.h.	1	50.375
20.20.0.1	Meindýravarnir	0,5	15.438
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5	12.188
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5	12.188
21.21.0.1	Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	0,25	4.063
21.22.0.0	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	0,25	5.281
22.21.0.0	Prentun dagblaða	1	53.625
22.22.1.0	Offsett- og hæðarprentun	1	30.875
22.22.2.0	Sáldprentun	1	27.625
22.22.9.1	Prentiðnaður, lítill	0,5	12.188
22.22.9.2	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	18.688
22.22.9.3	Prentiðnaður, stór	1	50.375
22.22.9.4	Prentiðnaður með framköllun	0,5	17.063
22.24.0.0	Prentsmíð	0,5	15.438
24.11.0.0	Framleiðsla á iðnaðargasi	1	24.375
24.15.0.0	Áburður, tilbúinn, framleiðsla	0,5	12.188

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður/kr.
24.20.0.1	Garðauðun	0,5	15.438
24.30.0.1	Málningarverksmiðjur	1	84.500
24.42.0.0	Lyfjagerð	0,25	12.594
24.51.0.1	Hreinlætisvöruverksmiðjur	0,5	25.188
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla	0,5	18.688
25.13.0.1	Gúmmívinnsla	0,5	12.188
25.21.0.1	Plastiðnaður	1	34.125
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,5	12.188
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasi	0,5	18.688
26.11.0.0	Framleiðsla á glerplötum	0,25	6.094
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,25	5.281
26.13.0.0	Framleiðsla glerfláta	0,25	5.281
26.21.0.1	Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4m ³	0,5	10.563
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	1	21.125
26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	0,5	15.438
26.70.0.0	Steinsmíði	0,25	5.281
26.82.9.0	Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest	0,5	12.188
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1	37.375
27.50.0.1	Málmsteypa < 20 tonn á dag	2	74.750
28.51.0.0	Meðferð og húðun málna	0,5	15.438
28.52.0.1	Blikksmíði	0,5	12.188
28.73.0.1	Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	0,25	5.281
28.74.0.1	Skrúfuframleiðsla, renniverkstæði	0,5	10.563
29.11.0.0	Vélsníða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	13.813
29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	0,5	15.438
31.40.0.1	Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	0,25	6.094
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði	0,5	12.188
35.11.0.1	Stálsmíði og stálskipagerð	1	40.625
35.11.0.2	Viðhald og niðurrif skipa	1	43.875
36.12.0.1	Húsgagnaiðnaður með lökkun	0,5	12.188
37.20.0.1	Endurvinnsla úrgangs	0,5	15.438
37.20.0.2	Jarðboranir	1	24.375
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,5	12.188
40.10.0.2	Spennaviðgerðir	1	30.875
40.10.0.3	Virkjanir og orkuveitur < 10 MW	0,25	6.094
40.10.0.4	Virkjanir og orkuveitur 10 – 50 MW	0,5	12.188
40.10.0.5	Virkjanir og orkuveitur > 50 MW	1	37.375
40.10.0.6	Virkjanir og orkuveitur > 50 MW, með verkstæðis- og starfsmannaaðstöðu	2	113.750
40.30.0.1	Hitaveitur < 10 MW	0,25	6.094
40.30.0.2	Hitaveitur 10-50 MW	0,5	12.188
40.30.0.3	Hitaveitur > 50 MW	1	24.375
41.00.0.1	Vatnsveitur 50.000 – 100.000 íbúa	34	1.542.750
41.00.0.2	Vatnsveitur 10.000 – 50.000 íbúa	12	544.500
41.00.0.3	Vatnsveitur 5.000 – 10.000 íbúa	7	317.625
41.00.0.4	Vatnsveitur 1.000 – 5.000 íbúa	4	155.500
41.00.0.5	Vatnsveitur 500 – 1.000 íbúa	4	129.500
41.00.0.6	Vatnsveitur 150 – 500 íbúa	1	32.375
41.00.0.7	Vatnsveitur < 150 íbúa	0,5	16.188
41.00.0.8	Einkavatnsból	0,25	6.469
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæði, lítil	0,5	12.188
50.20.0.10	Bón- og bílaþvottur, handvirkt	0,25	4.063
50.20.0.11	Ryðvarnarverkstæði	0,5	26.000
50.20.0.12	Smurstöðvar	0,5	15.438
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	0,5	17.063

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður/kr.
50.20.0.3	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	18.688
50.20.0.4	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	0,5	12.188
50.20.0.5	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	0,5	18.688
50.20.0.6	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	0,5	21.938
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	0,5	12.188
50.20.0.8	Bifreiðaréttingar	0,5	12.188
50.20.0.9	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	0,5	17.063
50.20.0.13	Viðgerðaaðstaða eigin véla	0,5	12.188
50.30.0.1	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	0,5	18.688
50.30.0.2	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	0,5	30.063
50.30.0.3	Bílapartasölur	0,5	15.438
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	27.625
50.50.0.1	Bensínstöðvar án matvæla	1	34.125
50.50.0.2	Bensínstöðvar með matvöru	1	53.625
50.50.0.3	Bensínstöðvar með veitingasölu	1	81.125
51.31.0.1	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	1	27.625
51.31.0.2	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	1	34.125
51.31.0.3	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	1	51.875
51.36.0.0	Heildverslun með sykurlu, súkkulaði og sælgæti	1	34.125
51.39.0.1	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	1	24.375
51.39.0.2	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	1	34.125
51.39.0.3	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	1	51.875
51.44.2.0	Heildverslun með hreingerningarefni	1	76.375
51.45.0.0	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	1	76.375
51.45.0.1	Heildverslun með snyrtivöru	1	76.375
51.55.0.1	Heildverslun með eitrefni og hættuleg efni	0,5	21.938
51.57.0.1	Niðurrif bifreiða	0,5	15.438
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	2	123.500
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	15.438
52.11.1.1	Stórmarkaðir > 400 m ² , með matvælavinnslu	4	251.500
52.11.1.2	Stórmarkaðir > 400 m ² , án matvælavinnslu	2	116.750
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	1	35.625
52.11.2.2	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	1	56.625
52.11.2.3	Matvöruverslun með vinnslu, stór	2	118.250
52.11.2.4	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1	27.625
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	1	30.875
52.11.2.6	Matvöruverslun án vinnslu, stór	2	82.750
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla	1	21.125
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	1	21.125
52.11.3.3	Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	1	32.375
52.11.3.4	Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	1	46.875
52.23.0.1	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	1	32.375
52.23.0.2	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	1	38.875
52.23.0.3	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	1	50.125
52.23.0.4	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1	21.125
52.23.0.5	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	1	26.000
52.23.0.6	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	1	30.875
52.24.0.1	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	1	22.750
52.24.0.2	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	1	32.375
52.24.0.3	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	1	45.375
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	12.188
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	1	42.125
52.31.0.0	Apótek	0,5	17.063
52.33.0.1	Snyrtivöruverslun	0,25	6.094

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður/kr.
52.46.1.1	Byggingavöruverslanir, stórar	1	76.375
52.46.1.2	Byggingavöruverslanir, litlar	0,5	25.188
52.46.1.3	Járnvöruverslanir	0,5	25.188
52.46.2.0	Málningar- og veggfóðurverslun	0,5	25.188
52.46.2.1	Málningavöruverslanir	0,5	21.938
52.49.1.0	Gæluðýraverslun	0,25	5.281
52.49.9.1	Véla- og tækjasölur	0,5	25.188
52.49.9.2	Varahlutaverslanir, ekki bíla	0,5	25.188
52.49.9.3	Smásala efna í flokkum X, A og B	0,5	25.188
52.49.9.4	Sala eiturefna	1	63.375
52.50.0.0	Smásala með notaða muni í verslunum	0,5	25.188
52.62.0.0	Markaðir, sölumarkaðir á útihátíðum o.fl. tímabundið	1	27.625
55.11.0.1	Hótel með veitingasölu, lítið 17 – 49 gestir	1	38.875
55.11.0.2	Hótel með veitingasölu, miðlungs 50 – 100 gestir	2	95.750
55.11.0.3	Hótel með veitingasölu, stórt +100 gestir	2	124.750
55.12.0.1	Gistiheimili án veitinga, lítið (heima/bændagisting) allt að 16 gestir	0,5	16.188
55.12.0.2	Gistiheimili / bændagisting án veitingasölu, miðlungs 17 – 49 gestir	1	38.875
55.12.0.3	Gistiheimili / bændagisting án veitingasölu, stórt, 50+ gestir	1	45.375
55.14.0.1	Starfsmannabúðir < 16 manns		30.875
55.14.0.2	Starfsmannabúðir 17 – 50 manns, tímabundin starfsemi		34.125
55.14.0.3	Starfsmannabúðir 51 – 100 manns, tímabundin starfsemi		45.375
55.14.0.4	Starfsmannabúðir 101 – 500 manns, tímabundin starfsemi		47.125
55.14.0.5	Starfsmannabúðir 501 – 1000 manns, tímabundin starfsemi		53.625
55.21.0.1	Fjallaskálar og farfluglaheimili heilsársnotkun	0,5	26.750
55.21.0.2	Fjallaskálar og farfluglaheimili, sumarnotkun	0,25	13.375
55.22.0.1	Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið < 10	0,25	10.531
55.22.0.2	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs 10 – 20	0,5	16.188
55.22.0.3	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt 20+	1	32.375
55.22.0.4	Þjóðgarðar með tjaldsvæðum og þjónustuhúsi m/veitingum	1	59.875
55.23.0.1	Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	1	38.875
55.23.0.2	Orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	0,5	16.188
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir < 49 gestir	1	27.625
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs, 50 – 100 sæti	1	45.375
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir > 100 sæti	1	59.875
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir < 49 sæti	1	32.375
55.30.1.5	Skyndibitastaðir, miðlungs 50 – 100 sæti	1	48.625
55.30.1.6	Skyndibitastaðir, stórir 100+ sæti	1	58.375
55.30.1.7	Matsöluvagnar	1	32.375
55.30.1.8	Brauðstofur	1	38.875
55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu	1	38.875
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	0,5	15.438
55.40.0.0	Kaffihús, smurt brauð	1	32.375
55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu	1	48.625
55.40.0.2	Krár, kaffihús án matsölu	1	24.375
55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25	6.094
55.40.0.4	Samkomusalir með móttökueldhúsi	0,5	17.063
55.40.0.5	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	1	47.125
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	32.375
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	1	35.625
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	1	51.875
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	0,5	19.438
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	1	28.375
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	1	38.125

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður/kr.
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	32.375
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	38.875
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	2	82.750
60.21.0.1	Bið- og endastöðvar áætlunarþreifa	0,25	3.656
60.22.0.1	Biðstöðvar leigubifreiða	0,25	3.656
60.24.3.0	Akstur flutningabíla	1	24.375
61.10.0.0	Samgöngur á sjó	1	24.375
63.12.0.1	Vörugeymslur, litlar	0,5	13.813
63.12.0.2	Vörugeymslur, miðlungs	1	30.875
63.12.0.3	Vörugeymslur, stórar	1	34.125
63.12.0.4	Fyrirtæki sem geyma klórgas	0,25	5.281
63.12.0.5	Kæli- og frystigeymslur, fiskmarkaðir og klakagerð	0,5	16.188
63.12.0.6	Gasbirgðastöðvar með > 100 m ³ geymslurými (STP)	1	30.875
63.12.0.7	Gasbirgðastöðvar með < 100 m ³ geymslurými (STP)	0,5	12.188
63.21.0.1	Vöruflytingamiðstöðvar	0,5	12.188
63.23.0.1	Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	1	53.625
63.23.0.1	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5	21.938
63.23.0.2	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	0,25	5.281
74.81.0.2	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	0,5	13.813
74.81.0.3	Ljósmyndastofur með framköllun	0,5	13.813
75.23.0.1	Fangelsi, lítið	1	30.875
75.23.0.2	Fangelsi, miðlungs	1	37.375
75.23.0.3	Fangelsi, stórt	2	142.750
75.25.0.1	Æfingasvæði slökkviliðs	0,25	5.281
80.10.0.1	Grunnskólar án mótuneytis	0,5	15.438
80.10.0.2	Grunnskólar með móttökueldhúsi	1	45.375
80.10.0.3	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	1	51.875
80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám án mótuneytis	0,5	18.688
80.21.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám með móttökueldhúsi	1	43.875
80.21.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám með fullbúnu eldhúsi	1	58.375
80.22.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám án mótuneytis	0,5	18.688
80.22.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með móttökueldhúsi	1	43.875
80.22.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	1	58.375
80.22.0.4	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	1	72.875
80.30.0.1	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis	0,5	18.688
80.30.0.2	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	1	43.875
80.30.0.3	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	1	58.375
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	0,25	6.094
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,5	12.188
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25	6.094
85.11.1.1	Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mótuneytis	0,5	18.688
85.11.1.2	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	50.375
85.11.1.3	Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	1	85.875
85.11.2.0	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	0,5	18.688
85.11.3.0	Endurhæfing	0,5	12.188
85.11.3.4	Endurhæfing, með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stórt	2	142.750
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mótuneytis	0,5	15.438
85.11.4.2	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	51.875
85.11.4.3	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1	64.875
85.11.4.4	Vistheimili	0,5	19.438

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður/kr.
85.11.5.0	Áfengismeðferð	0,5	19.438
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,5	22.688
85.12.2.1	Læknastofur	0,25	6.094
85.12.2.2	Læknahús með aðgerðarstofum	0,5	12.188
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,5	12.188
85.13.2.0	Tannsmíðar	0,5	12.188
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	12.188
85.14.3.0	Rannsóknarstofur í læknisfræði	0,5	12.188
85.14.3.1	Röntgenstofur	0,5	12.188
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	12.188
85.14.9.2	Kírópraktor	0,25	5.281
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.	0,25	5.281
85.14.9.4	Húðflúrstofur	1	27.625
85.14.9.5	Húðgötun	1	27.625
85.20.0.1	Dýralæknastofur án röntgen	0,25	6.094
85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen	0,5	12.188
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	18.688
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglínga	0,5	12.188
85.31.1.2	Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús	1	38.875
85.31.3.0	Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús	0,5	23.438
85.31.3.1	Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús	1	59.875
85.31.4.0	Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhúsi	0,5	12.188
85.31.4.2	Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið	1	21.125
85.31.4.3	Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs	1	30.875
85.31.5.2	Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs	1	38.875
85.32.1.1	Dagmómmur með > 6 börn	0,25	6.094
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	1	30.875
85.32.2.2	Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	1	48.625
85.32.2.3	Gæsluvellir og opin leiksvæði	0,5	15.438
85.32.3.2	Skóladagheimili, fullbúið eldhús	1	27.625
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,5	13.813
85.32.6.1	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	1	30.875
85.32.6.2	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	1	51.875
90.00.0.1	Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 pe.	2	103.750
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe. og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe.	1	59.875
90.00.0.3	Aðrar skólphreinsistöðvar	0,5	19.438
90.00.0.4	Gámastöð	0,5	15.438
90.00.0.5	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,5	18.688
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru og ristarúrgangi	0,5	18.688
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	1	37.375
90.00.0.8	Sorpförgun, flokkun og vinnsla	1	104.875
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélaga og stofnana	0,5	12.188
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	5.281
91.31.1.2	Kirkjur með safnaðarheimil m/móttökueldhúsi	0,5	13.813
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	17.063
92.31.0.1	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,5	12.188
92.31.0.2	Leikhús með móttökueldhúsi	0,5	15.438
92.31.0.3	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	1	43.875
92.34.0.1	Dansskólar	0,25	6.094
92.53.0.1	Dýragarðar	0,5	18.688
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	46.875
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	2	106.750
92.61.0.3	Sundstaðir, stórir	4	213.500

ÍSAT-númer	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður/kr.
92.61.0.4	Íþróttahús, lítil	0,5	12.188
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	15.438
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	30.875
92.61.0.7	Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggð	2	151.750
92.61.0.8	Íþróttavellir	0,25	5.281
92.61.0.9	Skíðaskólar, skíðasvæði	0,5	22.750
92.62.0.1	Hestahald, hestaleigur og reiðskólar	0,25	6.094
92.72.0.1	Skotvellir	0,25	6.094
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	18.688
93.01.0.1	Þvottahús	0,5	15.438
93.01.0.2	Efnalaugar	0,5	18.688
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5	12.188
93.02.0.1	Hárgreiðslu- og rakarastofur	0,5	12.188
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	12.188
93.02.0.3	Baðhús	0,5	12.188
93.03.0.1	Líkbrenslur	0,25	6.094
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	12.188
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	1	24.375
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	30.875
93.04.0.4	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	1	32.375
93.04.0.5	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	1	46.875
93.04.0.6	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	1	46.875
93.04.0.7	Sólbaðstofur án heitra potta	0,5	12.188
93.04.0.8	Sólbaðstofur með heitum pottum	1	32.375
93.04.0.9	Nuddstofur	0,5	12.188
97.00.0.2	Almenningsalerni	0,25	6.094

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 18. desember 2003 nýtt deiliskipulag á lóðinni Grænamörk 10, Hveragerði, samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Breytingin felur í sér að á svæði sunnan Heilsustofnunar NLFÍ, sem nú heitir Lækjarbrún, er gert ráð fyrir 10 raðhúsallengjum á einni hæð með samtals 40 íbúðum.

Tilheyrandi greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 22. febrúar 2005.

Guðmundur F. Baldursson, skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum lóðum í Mosfellsbæ, hvort sem um eignar- eða leigulóðir er að ræða, skal greiða gatnagerðargjald eftir því sem nánar segir til um í gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald, nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald, nr. 543/1996.

2. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í Mosfellsbæ. Skal nota það til greiðslu kostnaðar við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar þar á meðal nauðsynlegar sam- og tengigötur, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða.

Innifalið í fullu gatnagerðargjaldi er ein mæling fyrir staðsetningu og hæðarsetningu byggingar og einnig staðsetningu lóðarmarka.

3. gr.

Grunnur gatnagerðargjalds.

a. Af hverjum fermetra lóðar greiðist ákveðið gjald eftir nýtingu hennar, þ.e. eftir húsa-gerðum, svo sem hér segir:

	kr. pr. ferm. lóðar
Einbýlishús	3.000
Par-, rað-, tví- og þrúbýlishús	2.700
Fjölbýlishús	2.000
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði	1.500
[Ef íbúðarhúsnæði er á lóð ákvarðast gjaldflokkur af því, enda þótt annars konar húsnæði sé einnig á lóð.] ¹	

b. [Þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um hefðbundnar gatnagerðarframkvæmdir, svo sem í dreifbýli, greiðist grunngjald á hvern m³ nýbyggingar, svo sem hér segir (miðað við byggingarvísitölu í júlí 2001, 259,3 stig):

- i. Íbúðarhúsnæði kr. 645,20 kr./m³ að hámarki kr. 516.163 fyrir hverja byggingu.
- ii. Annað húsnæði kr. 201,16 kr./m³ að hámarki kr. 1.649.483 fyrir hverja byggingu.]¹

Þegar ráðist er í gatnagerðarframkvæmdir innheimtist viðbótargatnagerðargjald samkvæmt almennri gjaldskrá sem þá er í gildi, að frádregnu þegar greiddur grunngjaldi verðbættu samkvæmt byggingarvísitölu. [Grunngjald, sem greitt hefur verið vegna byggingar, fylgir þeirri lóð sem bygging stendur á við uppgjör.]¹

Til þess að tryggja síðari innheimtu gjaldsins og koma í veg fyrir grandleysi þeirra er síðar kunna að eignast viðkomandi fasteign skal byggingarleyfissamsækjandi láta þinglýsa sérstakri yfirlýsingu á viðkomandi fasteign/lóð er lýtur að greiðslu hins óinnheimta viðbótargjalds.

- c. Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. janúar og 1. júlí ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (231,1 stig í ágúst 1998).
- d. Gatnagerðargjald skal ekki innheimt af sumarbústaðalóðum.

¹ Samþykkt bæjarráðs á 521. fundi, 5. júlí 2001.

4. gr.

Lágmarksgjald.

Lágmarksgjald samkvæmt gjaldskrá þessari er eftirfarandi, sbr. þó 5. gr.:

Einbýlishús	kr.	2.300.000
Par-, rað-, tví- eða þrífýlishús pr. íbúð	kr.	1.400.000
Fjölbýlishús pr. íbúð	kr.	400.000

5. gr.

Frávik frá almennri gjaldskrá.

- a. Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna tiltekinnar svæða eða lóða um allt að 35%.
- b. Bæjarstjórn er heimilt að veita sérstakan afslátt þar sem lóðarhafar eða eigendur sjá sjálfir um ákveðna þætti framkvæmda skv. 2. gr.

6. gr.

Greiðsluskilmálar.

Gatnagerðargjald skal greiða innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar til umsækjenda um lóðarúthlutun og með þeim skilmálum, sem bæjarstjórn ákveður. Ef ekki er greitt innan tilskilins frests fellur úthlutunin sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um.

Gatnagerðargjald af eignarlóð skal greiða áður en byggingarleyfi er gefið út.

7. gr.

Endurgreiðsluskilmálar.

Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð, eða ef lóðarúthlutunin er afturkölluð, skal gatnagerðargjald endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingarkostnaðar á endurgreiðsludegi. Heimilt er að fresta endurgreiðslu uns lóðinni hefur verið úthlutað að nýju, þó ekki lengur en í sex mánuði frá því að lóðinni var skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á byggingar- og skipulagsmálum, svo og úthlutunarskilmálum. Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal stuðst við 9. gr. reglugerðar, nr. 543/1996.

8. gr.

Lögveðsréttur.

Gatnagerðargjald fylgir lögveði í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur það einnig til váttryggingafjár hennar.

9. gr.

Breyting húsnæðis.

- a. Gatnagerðargjald greiðist ekki við stækkun eða aðra breytingu húsnæðis, sbr. þó b-lið.
- b. Viðbótargatnagerðargjald greiðist ekki þegar byggð er ný húseign á lóð í stað annarrar, sem hefur verið rifin, fjarlægð eða er brunnin, nema um breytta notkun sé að ræða þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, sbr. 3. og 4. gr. Þá greiðist gatnagerðargjald samkvæmt almennri gjaldskrá að frádregnu því gjaldi sem þegar hefur verið greitt verðbættu samkvæmt byggingarvísitölu.
- c. Gatnagerðargjald endurgreiðist ekki þótt minni húseign sé byggð á lóð eða nýtingu breytt þannig að hún færist í lægri gjaldflokk, sbr. 3. og 4. gr.

11. gr.

Áfangaskipting framkvæmda.

Þegar lóðarhafa er heimilað að áfangaskipta byggingu, skal hann greiða gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingaleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í lóðarumsókn að hann óski eftir að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði áfangaskipti heimiluð af bæjarráði, falla gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykta áfangaskiptingu eða samþykktir bæjarstjórnar.

Þegar áfangaskipting er heimiluð skal umsækjandi þinglýsa yfirlýsingu þess efnis á fasteign/lóð vegna hinna ógreiddu og áfangaskiptu gatnagerðargjalda.

12. gr.

Eldri sérsamningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.

Sérsamningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Mosfellsbæ fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld sem bæjaryfirvöld hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu sbr. 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 17/1996, nema aðilar séu um annað sáttir.

13. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar skv. lögum um gatnagerðargjöld, nr. 17/1996, og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld, nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Mosfellsbæ, frá 16. september 1998 með breytingu frá 5. júlí 2001.

Mosfellsbæ, 16. febrúar 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

AUGLÝSING**um deiliskipulag Hverfisgata – Hávegur, Siglufirði.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Siglufjarðar þann 23. september 2004 deiliskipulag fyrir Hverfisgötu – Háveg.

Deiliskipulagið tekur til vegtenginga þar sem gert er ráð fyrir að Hverfisgata (nyrðri) og Hávegur verði tengd með nýrri vegtengingu. Einnig er gerð breyting á tengingu Lindargötu, Suðurgötu og Hverfisgötu (syðri).

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Siglufirði, 25. febrúar 2005.

F.h. bæjarstjórnar Siglufjarðar,

Sigurður Hlökkversson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

SAMÞYKKT

um fráveitur í þéttbýlisstöðum Fljótsdalshéraðs.

I. KAFLI

Um fráveitur.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í þéttbýlisstöðum Fljótsdalshéraðs (Egilsstaðir, Fella-
bær, Eiðar, Hallormsstaður og Brúarás), þar sem rekið er fráveitukerfi í eigu sveitarfélags-
ins.

Allar lagnir fráveitunnar, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og
opnum svæðum, svo og götufráræsi að lóðarmörkum húseigna, er eign hennar. Sömuleiðis
er allur fráveitubúnaður, brunnar, niðurföll, hverfisrotþrær og dælustöðvar eign fráveitu
Fljótsdalshéraðs.

Fljótsdalshérað getur gert þjónustu- eða rekstrarleigusamninga við annan aðila um
hreinsun fráveituvatns. Rekstur hreinsivirkis er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar Austur-
lands í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur
haft í för með sér mengun.

2. gr.

Fráveita Fljótsdalshéraðs er B-hluta fyrirtæki í eigu Fljótsdalshéraðs. Sveitarfélagið ber
ábyrgð á rekstri fráveitu Fljótsdalshéraðs samkvæmt 1. gr. og kostar framkvæmdir við þær.
Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega til þess fé á fjárhagsáætlun.

3. gr.

Fráveita Fljótsdalshéraðs veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp,
ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til við-
taka.

4. gr.

Þar sem fráveita Fljótsdalshéraðs er fyrir hendi, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi
frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna.

5. gr.

Þeim sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita Fljótsdalshéraðs er
fyrir hendi, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við
fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofan-
vatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Fylgja skal ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur
og skólp sem gildir um söfnun, hreinsun og losun skólps.

6. gr.

Sérhver eigandi fasteignar á starfssvæði fráveitu Fljótsdalshéraðs skal leggja og kosta
fráveitulagnir frá húseign sinni og lóð að lóðarmörkum, í samræmi við lóðaruppdrátt, bygg-
ingarskilmála eða önnur fyrirmæli sem gefin eru.

7. gr.

Þegar tengja skal fráveitu nýbygginga við fráveitu Fljótsdalshéraðs skal sækja um það
til byggingarfulltrúa. Umsókn skal undirrituð af húseiganda, byggingarstjóra eða pípulagn-
ingameistara sem verkið skal vinna.

Ef um er að ræða endurnýjun fráveitulagna innan lóðar, skal húseigandi sækja um heim-

ild byggingarfulltrúa vegna framkvæmdarinnar og leggja fram teikningar af fyrirhugaðri breytingu eða endurnýjun. Byggingarfulltrúi getur krafist ábyrgðar pípulagningarmeistara vegna verksins.

8. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu Fljótsdalshéraðs séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og að fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski vegna viðhalds í lágmarki, ganga snyrtilega um og færa lóðir til fyrra horfs eins og við verður komið.

9. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka eða hreinsistöðvar. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settum samkvæmt þeim.

10. gr.

Þar sem hætta er talin á bakflæði fráveituvatns frá fráveitu sveitarfélagsins, vegna ofanvatns eða hárrar grunnvatnsstöðu, skulu húseigendur koma fyrir á sinn kostnað sjálfvirkum flóðlokum við gölfniðurföll.

II. KAFLI

Um fráveitugjald og stofngjald fráveitna.

11. gr.

Fljótsdalshérað innheimtir stofngjald vegna lagningar frárennislislagna og tengingar þeirra við fráveitu hverrar nýbyggingar við lóðarmörk. Gjaldið er ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda, í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

12. gr.

Af þeim fasteignum á Fljótsdalshéraði sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum þess skal greiða árlegt fráveitugjald. Skal andvirði þess varið til reksturs og viðhalds fráveitunnar.

13. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

14. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjald skal ákveðið með gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Fráveitugjald er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveð-

réttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

15. gr.

Bæjarstjórn getur nýtt sér heimild 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun eða sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði.

16. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

17. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Fljótisdalshéraðs staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um fráveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

I. KAFLI

Um fráveituna.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

2. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu, sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild sveitarfélagsins fer með umsýgn, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitunnar í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreina á fráveitulögn. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gildir reglugerð um fráveitur og skólpi nr. 798/1999.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins.

7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Húseigandi kostar niðurstetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

Hreinsun fer fram á vegum sveitarfélagsins og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

Þegar fráveita sveitarfélagsins hefur verið lögð skulu húseigendur kosta og tengja fráveitu húseigna við hana.

8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró sé þess ekki kostur að tengja fráveitulögn frá húseign við fráveitu skal sækja um það til byggingareftirlits sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitu frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 12. gr.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig

taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Sveitarfélaginu Skagafirði er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á fráræsum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða.

Iðnaðarskólp sem veitt er í fráveitu sveitarfélagsins skal forhreinsað og getur sveitarfélagið sett fram viðmiðunarmörk vegna þess til að tryggja að tilskilin markmið náist sbr. lið C í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráræslagnir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlökum við gölfniðurföll.

II. KAFLI

Um fráveitugjald og gjald fyrir tæmingu rotþróa.

14. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

15. gr.

Af öllum fasteignum í Sveitarfélaginu Skagafirði sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, einnig skal greiða af þeim fasteignum sem tengdar eru við rotþrær, árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa.

16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

17. gr.

Fráveitugjald og gjald fyrir tæmingu rotþróa greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjaldið og rotþróargjaldið innheimtist á sama hátt og

önnur fasteignagjöld til sveitarfélagsins. Gjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

18. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er sveitarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

19. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vatnalögum nr. 15/1923. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

20. gr.

Samþykkt þessi er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 516/2000 um fráveitu í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. febrúar 2005.

E. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Vopnafjarðarhöfn.

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Vopnafjarðarhöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestargjald.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 7,40 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,80 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 12 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði. Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni sem mánaðargjald, kr. 48,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 5.286 á mán. Bátar minni en 20 bt greiði þó aldrei lægra en kr. 3.459 á mán. Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi á annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendirar eða erlendirar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3, sbr. 12. gr.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a) Umbúðir sem endursendar eru.

- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

1. fl.: Gjald kr. 173,50 fyrir hvert tonn:
 - Bensín, brennsluólur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 334 fyrir hvert tonn:
 - Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 360,60 fyrir hvert tonn:
 - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsólur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
 - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óafengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna enda ferðast eigendur með sama skipi.
4. fl.: Gjald 1,60% : Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 3.000 kr. fyrir hvert tonn. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 109.

13. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olúflutningaskipa, sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum. Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að

olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

- a) í athugasemdasherjunum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
- b) undir lið 5.2. í fylgiskjali af gerð B við alþjóðamengunarvarnarskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

Þjónustugjöld.

14. gr.

Hafnsaga:

Fast gjald kr. 2.095.

Flutningur á hafnsögumanni kr. 8.000 pr. ferð.

Stærðargjald kr. 4,47 skv. ein.

Vatnsgjöld:

Vatn til skipa kr. 207 pr. m³.

50% afsláttur umfram 100 m³.

Lágmarksgjald (m.v. 10 m³) kr. 2.061 pr. m³.

Vigtargjöld:

Almenn vigtun kr. 76 pr. tonn.

Lágmarksgjald pr. vigtun kr. 439.

Vigtun flutningabíla kr. 809.

Skráningargjald pr. tonn kr. 46.

Leiga á gámarvöllum:

Á svæði A, m² pr. mán. kr. 15.

Útseld vinna við vigtun o.fl.

Yfirvinna kr. 2.162 pr. klst.

Dagvinna kr. 1.729 pr. klst.

Sorpgjald:

Mánaðargjöld smábáta kr. 207.

Sérferð á flokkunarstöð er greidd af viðkomandi, kílógjald kr. 10,33.

Festargjald:

Gjald þegar hafnarvörður bindur skip, dagvinna kr. 2.287.

Gjald þegar hafnarvörður bindur skip, næturvinna kr. 4.990.

Geymslugjald:

Gjald fyrir geymslu á veiðarfærum (nætur, troll) á hafnarköntum.

Frítt fyrstu vikuna síðan 2.500 kr. á sólarhring.

Rafmagn:

Gámarafmagn og annað rafmagn t.d. til smábáta kr. 7,89 á kwst.

Rafmagn til skipa kr. 9,07 á kwst.

Hafnarvernd:

Komugjald v/hafnarverndar fyrir hverja komu kr. 10.000.

Öryggisgæsla pr. dagvinnutíma kr. 1.672.

Öryggisgæsla pr. næturvinnutíma kr. 2.820.

Allar tölur eru án virðisaukaskatts.

Um innheimtu og greiðslu hafnagjalda skv. hafnalögum.

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnagjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir. Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

18. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari er skv. 20. gr. hafnalaga lagður 24,5% virðisaukaskattur, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

19. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöld eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veði í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Gildistaka.

20. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Vopnafjarðarhöfn er samþykkt af hafnarnefnd Vopnafjarðarhrepps 14. október 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum og er til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir Vopnafjarðarhöfn.

Hafnarstjórinn á Vopnafirði, 15. febrúar 2005.

Þorsteinn Steinsson.

REGLUR

um félagslega heimaþjónustu í Grýtubakkahreppi.

I. KAFLI

Markmið, hlutverk og skipulag félagslegrar heimaþjónustu.

1. gr.

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleyft að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

2. gr.

Hlutverk félagslegrar heimaþjónustu er að veita:

- aðstoð við almennt heimilishald
- aðstoð við persónulega umhirðu
- félagslegan stuðning
- aðstoð við umönnun barna og ungmenna

3. gr.

Rétt til félagslegrar heimaþjónustu eiga þeir einstaklingar sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjáparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

II. KAFLI

Ákvarðanataka.

4. gr.

Sveitarstjóri hefur í umboði félagsmálanefndar heimild til að taka ákvörðun um heimaþjónustu skv. reglum þessum. Félagsmálanefnd skal með jöfnu millibili fá upplýsingar um fjölda notenda og annað er máli kann að skipta við framkvæmd heimaþjónustunnar.

III. KAFLI

Framkvæmd þjónustunnar.

5. gr.

Umsóknir um félagslega heimaþjónustu skulu berast sveitarstjóra á sérstökum eyðublöðum. Sveitarstjóri skal meta þjónustubörf í samráði við væntanlegan aðstoðarþega og félagsmálanefnd ef þurfa þykir. Í þjónustumati á að koma fram færni einstaklingsins, tengslanet í félagslegu umhverfi og tekjur hans. Læknisvottorð og/eða álit annarra sérfræðinga skal liggja fyrir ef ástæða þykir til að mati sveitarstjóra. Stefnt skal að reglulegu endurmati.

6. gr.

Við framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu skal þess gætt að hafa gott samstarf við aðra þjónustuaðila sem aðstoðarþegi getur þurft á að halda t.d. heimahjúkrun, lækna og þjónustuhóp aldraðra á svæðinu.

7. gr.

Leitast skal við að ráða fólk til starfa í heimaþjónustu sem hefur reynslu af heimilis- og umönnunarstörfum. Einnig skal stefnt að því að ráða starfsmenn sem lokið hafa sérstökum námskeiðum fyrir starfsfólk í félagslegri heimaþjónustu.

• 8. gr.

Félagsmálanefnd skal setja reglur og leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagslegrar heimaþjónustu, þar sem m.a. eru nánar tiltekin verkefni starfsmanna, skyldur þeirra og réttindi. Reglur þessar skulu kynntar fyrir starfsfólki svo og aðstoðarþegum. Starfslýsingar fyrir starfsmenn í félagslegri heimaþjónustu skulu liggja fyrir.

9. gr.

Starfsmenn félagslegrar heimaþjónustu taka laun frá Grýtubakkahreppi og gilda þar launakjör skv. samningi milli Grýtubakkahrepps og Einingar Iðju.

10. gr.

Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá aðstoðarþegum. Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða vísir um í starfi sínu um einkamál manna og heimilishald.

11. gr.

Vinnutími starfsmanna er að jafnaði dagvinnutími, mánudag til föstudags. Vinna utan þess tíma er háð samþykki sveitarstjóra.

12. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu skal greitt samkv. gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn frá félagsmálanefnd.

IV. KAFLI

Málsmeðferð, málskotsréttur umsækjenda og gildistími reglna.

13. gr.

Sé beiðni um félagslega heimaþjónustu hafnað skal umsækjandi fá skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar.

14. gr.

Umsækjandi um félagslega heimaþjónustu getur áfrýjað ákvörðun um höfnun umsóknar til félagsmálanefndar Grýtubakkahrepps og skal það gert skriflega innan 4 vikna. Ákvörðun félagsmálanefndar má áfrýja til úrskurðarnefndar félagsþjónustu í félagsmálaráðuneytinu sbr. 64. gr. í lögum nr. 40/1991.

15. gr.

Reglur þessar eru settar skv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og öðlast þegar gildi.

Grenivík, 28. febrúar 2005.

Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um akstursíþróttir og aksturskeppni, nr. 257, 18. apríl 2000.

1. gr.

2. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi til aksturskeppni skal einungis veita eftirtöldum aðilum:

- a) Vélhjóra- og vélsleðaíþróttanefnd ÍSÍ vegna keppni ökutækja með þrjú hjól eða færri.
- b) Landssambandi íslenskra akstursfélaga vegna keppni ökutækja með fjögur hjól eða fleiri.

Aksturskeppni skal fara fram undir yfirstjórn fulltrúa sem lögreglustjóri samþykkir.

2 gr.

4. mgr. 16. greinar reglugerðarinnar, c. lið, er þannig breytt að í stað tölunnar „80“ kemur talan „85“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 34. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 21. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Miðdals, frístundalóð við Silungatjörn, þjóðskrárn. 9000-2150.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. desember 2004.

Skipulagstillagan nær til frístundalóðar sem er 0,67 ha að stærð sem er austan við Silungatjörn. Lóðin nær að vatnsbakka.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Deiliskipulag Blikastaðaness.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir Blikastaðanes, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. desember 2004.

Heimil verður uppbygging á 9 viðbótarbrautum við golfvöll Golfklúbbsins Kjalar, fram-tíðaruppbyggingu mannvirkja fyrir klúbbinn, jafnframt því sem lagðir verða stúgar um landið. Samhliða uppbyggingu á golfbrautunum verður heimilt efnisnám allt að 150 þús. m³, samkvæmt nánari skilmálum í skipulagsgreinargerð og samningum þar að lútandi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 28. febrúar 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis í Hellnahrauni 1. áfanga, lóðirnar Berghella 1 og 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 9. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis í Hellnahrauni 1. áfanga, lóðirnar Berghella 1 og 4 í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í sameiningu lóða nr. 1 og 4 í lóð nr. 1 við Berghellu. Byggingarreitur lóðar nr. 4 er stækkaður og jafnframt er gatan Berghella stytt. Að öðru leyti gilda skilmálar svæðisins. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir „Móhelli 4“.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 31. ágúst 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Móhelli 4“ í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að mörk byggingarreits til vesturs og suðurs verða 10 m frá lóðarmörkum. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag vegna Valla, 4. áfanga.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. september 2004 deiliskipulag fyrir „Velli, 4. áfanga“ í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felur m.a. í sér lóðir fyrir 53 einbýlishús og 7 íbúðir í raðhúsum. Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 25. febrúar 2005.

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 17. febrúar 2005 samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í Fjarðabyggð.

1. Bakkagerði 1, íbúðarsvæði á Reyðarfirði.

Breytingin felst í breyttum lóðarmörkum, byggingarreitum, húsagerðum og nýtingarhlutfalli á lóðunum nr. 10, 11, 12, 14, 16, 18 og 20 við Bakkagerði og 11 og 13 við Vallargerði.

2. Hraun 1. Svæði fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað.

Breytingar felast í fjölgun lóða fyrir þjónustuiðnað og hafnartengda starfsemi, stækkun hafnarfyllingar og flutningi bryggjuþils til vesturs. Þá er aðkoma raflína að álverslóð flutt til norðurs.

Uppdrættir ásamt nýjum skipulags- og byggingarskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldir eldri uppdættir og skilmálar með þeim.

Fjarðabyggð, 4. janúar 2005.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

byggingarfulltrúans í Mosfellsbæ m.a. vegna úttekta, vottorða o.fl.

1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð, skjalagerð og yfirlestur ýmiss konar og íbúðaskoðanir sem gerðar eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ í umboði bæjarstjórnar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir neðangreindar úttektir og með tilvísar til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 skal byggingarfulltrúi innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir úttekt vegna byggingarstjóraskipta, sbr. 36. gr.	10.500
B) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta, sbr. 47. gr.	5.500
C) Fyrir áfangaúttekt, sbr. 48. gr.	5.500
D) Fyrir lokaúttekt, sbr. 53. gr.	10.500
E) Fyrir stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	10.500

3. gr.

Byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta samkvæmt C-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

4. gr.

Fyrir neðangreind vottorð, skjalagerð og yfirllestur ýmiss konar og með tilvísun til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og 53. gr. laga nr. 73/1997 skal byggingarfulltrúi innheimta gjöld sem hér segir:

<i>Samkvæmt byggingarreglugerð nr. 441/1998:</i>	kr.
A) Lokaúttektarvottorð, sbr. 54. gr.	6.000
B) Fokheldisvottorð, sbr. 55. gr.	16.500
C) Stöðuvottorð, sbr. 55. gr.	6.000
<i>Samkvæmt sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997:</i>	
D) Stofnskjalagerð, stór	10.000
E) Stofnskjalagerð, lítil	3.000
F) Yfirllestur eignaskiptayfirlýsingar, stórrar	20.000
G) Yfirllestur eignaskiptayfirlýsingar, lítillar	10.000
H) Samrunaskjalagerð	15.000
I) Útsetning húss og lóðar, með tékkmælingu	55.000
J) Útsetning húss og lóðar, einföld útsetning	30.000

5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir: Fyrir hverja skoðun kr. 8.500.

6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Gjalddagi gjalda, sbr. 2. gr. er samhliða beiðni um úttekt.
Gjalddagi vottorða, sbr. 4. gr. er við afhendingu þeirra.
Gjalddagi skoðunargjalds, sbr. 5. gr. er samhliða beiðni um skoðun.

8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

10. gr.

Gjöld innheimt samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar við einstaka verkþætti gjaldskrárinnar.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 16. febrúar 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

		kr.
Íbúðir		13.900
Fyrirtæki:	a)	13.900
	b)	38.100
	c)	69.300
	d)	127.000
	e)	248.300
	f)	375.400

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar þann 13. janúar og 5. febrúar 2005.

Skútustaðahreppi, 21. febrúar 2005.

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

byggingarleyfisgjalda í Mosfellsbæ.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna yfirferðar og samþykktu aðaluppdráttu og fylgiskjala skal byggingarfulltrúi innheimta byggingarleyfisgjöld sem hér segir:

- A) Vegna allra byggingarleyfisumsókna skal greiða lágmarksgjald við móttöku umsóknar kr. 6.000.
- B) Fyrir hvern rúmmetra í nýbyggingu eða viðbyggingu skal greiða byggingarleyfisgjald er nemi 60 kr.
- C) Við endurnýjun byggingarleyfa skal greiða lágmarksgjald.

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. B-lið skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma.

Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt 2. gr.

5. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

6. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

7. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi. Lágmarksgjald verður ekki endurgreitt sé umsókn synjað, byggingarleyfi fellur úr gildi, eða ef umsókn er dregin til baka.

8. gr.

Innheimt byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar vegna yfirferðar starfsmanna byggingarfulltrúa á aðaluppráttum og fylgiskjölum þeirra fram að byggingarleyfi.

9. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Mosfellsbæ, 16. febrúar 2005.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar.

1. gr.

Í 1. málslíð, 1. mgr. 2. gr. kemur orðið „ökutækja“ í stað „bifreiða“.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Takmarkanir á fjölda atvinnuleyfa í leiguakstri gilda á eftirtöldum svæðum:

- I. Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Bessastaðahreppi, Reykjanesbæ, Grindavík, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppi. Hámarkstala er 560 atvinnuleyfi.
- II. Akureyri. Hámarkstala er 20 atvinnuleyfi.
- III. Árborg. Hámarkstala er 7 atvinnuleyfi.

3. gr.

Við 2. málslíð 1. mgr. 6. gr. bætast orðin „...“ og fötlun hindri þá ekki í starfi.“

4. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 7. gr. fellur niður.

5. gr.

3. málslíður 1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Þó má orlofsútgærd aldrei vara lengur en 63 daga á ári nema nýtt sé heimild til færslu daga frá fyrra tímabili sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Á eftir 2. mgr. 19. gr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Atvinnuleyfshafi sem sviptur hefur verið ökuleyfi lengur en þrjá mánuði skal leggja inn atvinnuleyfið til Vegagerðarinnar á meðan ökuleyfissvipting varir.

7. gr.

3. mgr. 24. gr. orðist svo:

Bifreiðastöð skal sjá til þess að ekki séu notaðar aðrar bifreiðar til leiguaksturs á bifreiðastöð en þær sem skráðar eru sem leigubifreiðar og eru eign viðkomandi leyfshafa eða leyfshafi er skráður fyrsti umráðamaður að, skv. samningi við fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 134/2001, um leigubifreiðar, öðlast gildi 1. október 2005 og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 23. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMÞYKKT

um hreinsun, losun og frágang rotþróa á Fljótsdalshéraði.

1. gr.

Frárennsli sérhvarrar húseignar á Fljótsdalshéraði, sem ekki er unnt að tengja við fráveitukerfi í eigu og rekstri sveitarfélagsins, skal leiða gegnum rotþró og frekari hreinsun (alla jafnan siturlögn) samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar. Þar sem þannig hagar til að ekki

verði komið við rotþró og reglubundinni seyrulosun, getur heilbrigðisnefnd Austurlands heimilað aðrar lausnir.

Húsráðendur og forsvarsmenn fyrirtækja eða stofnana eru ábyrgir fyrir því að fráveitur húsa á þeirra vegum séu í samræmi við lög og reglur þar um.

Samþykki heilbrigðisnefndar Austurlands þarf fyrir nýjum og endurbættum fráveitum. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa er háð samþykki heilbrigðisnefndar Austurlands og úttekt byggingafulltrúa.

2. gr.

Fljótsdalshérað annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu, þ.e. seyrulosun úr rotþró, ásamt flutningi, endurnýtingu eða förgun. Heilbrigðisnefnd Austurlands annast eftirlit með starfsemi.

Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum meðhöndlun seyru, enda hafi viðkomandi starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umráðamenn eða eigendur fráveitna skv. 1. gr. geta þó falið öðrum en Fljótsdalshéraði meðhöndlun seyru, enda framvísi þeir samningi til þriggja ára í senn, að lágmarki, við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi.

3. gr.

Meðhöndlun seyru skal framkvæmd undir yfirstjórn Fljótsdalshéraðs, sem sér um samskipti við þá aðila, sem málið varðar, svo sem vegna frágangs, förgunar eða nýtingar á seyru, í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

4. gr.

Rotþrær og siturlagnir skulu yfirfarnar annað hvert ár að jafnaði. Aðili með gilt starfsleyfi til meðhöndlunar seyru skal annast það verk og fjarlægja seyru þegar þess gerist þörf, þannig að virkni rotþróa og siturlagna sé tryggð.

Eigandi fráveitunnar skal sjá til þess að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna seyrulosunar og eftirlits með fráveitum samkv. 1. gr., með gjaldskrá sem sett er á grundvelli 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur þjónustunnar. Birta skal gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Heimilt er að innheimta aukagjald af eiganda eða umráðamanni fráveitu, ef seyrulosun er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró er að ræða við útihús eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu.

Gjald þetta skal þó aldrei vera hærra en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

7. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna seyrulosunar eða meðhöndlunar seyru skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins sem síðan kemur

kvörtuninni á framfæri við framkvæmdaraðila verksins. Viðkomandi á málskotsrétt til heilbrigðisnefndar Austurlands. Að öðru leyti fer um málsskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Mál út af brotum á samþykkt þessari ber að fara með að hætti opinberra mála.

8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur húseigna sem ekki tengjast frárennsliskerfi á vegum sveitarfélagsins og falla undir 3. mgr. 13. gr. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og hafa ekki fullnægjandi frágang á rotþró og siturlögnum, hafa frest til 1. júlí 2006 til að uppfylla ákvæði 1. mgr. 1. gr. samþykktarinnar.

Umhverfissráðuneytinu, 22. febrúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 53.500.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 32.000 krónur að lágmarki og 320.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda í aksturskeppni skuli vera 5.350.000 krónur við dauða eða varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem er tekin samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2005.

Samgönguráðuneytinu, 16. febrúar 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir hótél við golfvöllinn í Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 22. febrúar 2005.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar

Sigurður P. Harðarson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hvolsvelli árið 2005.

1. gr.

Af hundum á Hvolsvelli skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Hvolsvallarkauptúni nr. 261/1985.

2. gr.

Skráningargjald er kr. 6.000.

Bráðabirgðaskráning kr. 1.100.

3. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir hvern hund er kr. 6.000.

Ekki er innheimt leyfisgjald það ár sem hundurinn er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, eftirlit, umsjón og skráningu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald kr. 3.000. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi 30. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Rangárþings eystra staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Hvolsvallarkauptúni, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 21. febrúar 2005.

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um viðarumbúðir vara við útflutning, nr. 343/2004.**

1. gr.

Í stað orðanna „plöntueftirlits Rannsóknastofnunar landbúnaðarins“ í 1. mgr. 3. gr., og 1. og 3. mgr. 6. gr. kemur í viðeigandi falli: plöntueftirlit Landbúnaðarháskóla Íslands.

2. gr.

8. gr. verður 9. gr., en við bætist ný 8. gr. er hljóði svo:

Plöntueftirlitið innheimtir gjald fyrir vottun til framleiðslu og meðhöndlunar á viðarumbúðum til útflutnings, viði til umbúðagerðar og vegna kostnaðar við eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

Óski útflytjendur eftir sérstöku heilbrigðisvottorði með einstökum sendingum af viðarumbúðum er innheimt sérstakt gjald fyrir hvert útgefið vottorð. Skal gjöldum varið til þess að standa undir kostnaði plöntueftirlitsins við framkvæmd reglugerðar þessarar.

Landbúnaðarráðherra setur gjaldskrá að fengnum tillögum plöntueftirlitsins sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda vegna innheimtu þeirra gjalda sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari. Landbúnaðarráðuneytið sker úr ágreiningi um gjaldskyldu ef upp kemur.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. og 3. gr. laga nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Stuðst er við hinn alþjóðlega plöntuverndarstaðal ISPM nr. 15 er gefinn var út á vegum FAO í mars árið 2002, „Guidelines for regulating wood packaging material in international trade“.

Reglugerðin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. febrúar 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustuhúsa að Minni-Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Breytingin felst í að 5 frístundahúsalóðir bætast við lóð B sem stækkar um 8.000 fm. Leiksvæði á lóð A færast nær þjónustuhúsi og boltavöllur og þúttvöllur færast fjær. Húsnúmer breytast og hámarksmanishæð hækkar úr 5 m í 6 m.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 17. febrúar 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar er skipuð tveimur fulltrúum frá Akraneskaupsstað, tveimur fulltrúum frá Hvalfjarðarstrandarhreppi, tveimur fulltrúum frá Innri-Akraneshreppi, tveimur fulltrúum frá Leirár- og Melahreppi, tveimur fulltrúum frá Skilmannahreppi og einum fulltrúa frá Skipulagsstofnun með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að endurskoða gildandi svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 og leggja fram tillögu þar um, sbr. 12., 13. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

3. gr.

Fundur er lögmaður ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulagsstofnunar og oddvita sveitarfélaganna.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins skal hún auglýst í Lögbirtingarblaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna. Áður en tillagan er samþykkt í samvinnunefnd fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athugasemdafresti sem eigi má vera skemmri en sex vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna innan sex vikna til sveitarstjórna. Að loknum sex vikna umþóttunartíma sveitarstjórna skal samvinnunefnd

afgreiða samþykktá tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfísráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við breytingu svæðisskipulags sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 skal skiptast þannig: Skipulagsstofnun 50%, Akraneskaupstaður 10%, Hvalfjarðarstrandarhreppur 10%, Innri-Akraneshreppur 10%, Leirár- og Melahreppur 10% og Skilmannahreppur 10% .

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 31. desember árið 2006. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfísráðherra framlengt starfstíma hennar.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 17. febrúar 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Rangárfingi eystra árið 2005.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárfings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphörgunar- og sorphirðugjald) sbr. samþykkt nr. 137/2005 fyrir árið 2005.

2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	Sorphreinsunargjald	kr.	10.000 á íbúð/m.v. 1 poka á viku
2. flokkur	Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	kr.	5.000
3. flokkur	Sorpeyðingargjald, sumarhús	kr.	3.500
4. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margfeldi í gámum)	kr.	10.000

3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárfings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2005.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 5. febrúar 2005.

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Öxarfjarðarhreppi 2005.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Öxarfjarðarhreppi er samþykkt í sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps með vísan til samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

	kr.
Heimili á Kópaskeri	13.500 fyrir heimili
Heimili utan þorpsins	11.000 fyrir heimili
Sveitabæir með rekstur	15.000
Sumarhús	6.500

5 flokkar sorphirðugjalda fyrir atvinnuhúsnæði:

	kr.
1.	15.000
2.	35.000
3.	70.000
4.	150.000
5.	300.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í sveitarfélaginu í þessa flokka eftir umsvifum hvers og eins.

Gjalddagar eru sömu og vegna fasteignagjalda.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps 9. febrúar 2005, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt sveitarfélaga nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og öðlast þegar gildi.

Kópaskeri, 23. febrúar 2005.

Elvar Árni Lund sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um notkun erlendra ökutækja, nr. 267 1. júlí 1993.

1. gr.

Viðauki I, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 555 29. desember 1993, 2. gr. reglugerðar nr. 313 3. maí 1999 og 2. gr. reglugerðar nr. 391 27. maí 2003, orðist svo:

VIÐAUKI I

Ökutæki frá eftirtöldum ríkjum (þjóðernismerki þeirra eru tilgreind í sviga) teljast hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu við komu til landsins og þurfa ekki að framvísa grænu korti því til staðfestingar, sbr. þó undantekningar í viðauka II.

Austurríki (A)

Belgía (B)

Danmörk (DK) ásamt Færeyjum (FR)

Eistland (EST)

Finnland (FIN)

Frakkland (F) ásamt Mónakó (MC)

Grikkland (GR)

Holland (NL)

Írland (IRL)

Ítalía (I) ásamt Páfagarði og San Marínó (RSM)

Krótía (HR)

Kýpur (CY)

Lettland (LV)

Litháen (LT)

Lúxemborg (L)

Malta (M)

Noregur (N)

Portúgal (P)

Pólland (PL)

Slóvakía (SK)

Slóvenía (SLO)

Spánn (E)

Sviss (CH) ásamt Liechtenstein (FL)

Stóra-Bretland og Norður Írland (GB) ásamt Alderney (GBA), Guernsey (GBG), Jersey (GBJ), Mön (GBM) og Gíbraltar (GBZ)

Svíþjóð (S)

Tékkland (CZ)

Ungverjaland (H)

Þýskaland (D)

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, svo og með hliðsjón af IX. viðauka við EES-samninginn, tilskipun 72/166/EEB og ákvörðunum 2003/564/EEB og 2004/332/EEB.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 2. mars 2005.

Valgerður Sværisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um skatteftirlit skattstjóra Vesturlandsumdæmis og skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra.

1. gr.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að fela skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra og skattstjóra Vesturlandsumdæmis að fara með skatteftirlit utan eigin umdæma, sbr. 2. gr. auglýsingar þessarar. Skatteftirlitið tekur til allra skatta og gjalda, sem skattstjórum er falið eftirlit með samkvæmt reglugerð nr. 373/2001.

2. gr.

Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra skal auk skatteftirlits í eigin umdæmi annast skatteftirlit í Norðurlandsumdæmi vestra og Austurlandsumdæmi í samráði við skattstjóra viðkomandi umdæmis

Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi skal auk skatteftirlits í eigin umdæmi annast skatteftirlit í Vestfjarðumdæmi, Suðurlandsumdæmi og umdæmi skattstjórans í Vestmannaeyjum í samráði við skattstjóra viðkomandi umdæmis.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er með vísan til 4. ml. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 8. mars 2005.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Siglufjarðarkaupstað árið 2005.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki á Siglufirði.

3. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

	kr.
a) Íbúðir	8.500 á íbúð
b) Fyrirtæki,	
flokkur A: Allra stærstu fyrirtækin greiða eftir vigt.	
flokkur B: Stór fyrirtæki sem ekki gr. e. vigt	163.000
flokkur C: Fremur stór fyrirtæki	95.000
flokkur D: Meðalstór fyrirtæki	58.000
flokkur E: Lítil fyrirtæki	37.000
flokkur F: Lágmarksgjald, minnstu rekstraraðilar	8.500

Bæjarstjórn skipar rekstraraðilum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

Fyrirtæki í flokki A greiða eftir magni og umfangi skv. eftirtöldu án VSK:

	kr.
1. Fyrir timbur mótttekið í gám á gámasvæði	10.300 á tonn
2. Fyrir brotajárn mótttekið í gám á gámasvæði	4.600 á tonn
3. Fyrir óflokkaðan úrgang mótttekið í gám á gámasvæði	11.400 á tonn
4. Fyrir steypu – og múrbrot, gler, jarðveg o.þ.h. grófan úrgang	400 á m ³

Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði.

Sorphirðugjöld vegna íbúða eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjald dagar sorphirðugjalda eru fimm fyrir fyrirtæki, og fimm fyrir íbúðir.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

Innheimta samkvæmt gjaldskrá þessari er gerð með sérstökum reikningi og er eindagi 30 dögum eftir útgáfu hans.

4. gr.

Úrgangur án gjaldtöku og skilagjald.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds svo sem hjólbörðum og spilliefnum.

Greitt er skilagjald, 15.000 kr., hverjum þeim sem afhendir gjaldskylt ökutæki á gámasvæði til endurnýtingar eða endanlegrar förgunar, enda hafi ökutækið verið afskráð og úrvinnslugjald greitt a.m.k. einu sinni af viðkomandi ökutæki.

5. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar 17. febrúar 2005 með heimild í ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Siglufirði, 18. febrúar 2005.

Sigurður Hlöðversson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, breyting vegna aðalskipulags Siglufjarðar.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 frá 14. október 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Landnotkun umhverfis Skútudal, Hólsdal og Skarðsdal breytist úr landbúnaðarsvæði í óbyggt svæði.
- Svæði fyrir frístundabyggð er skilgreint norðan Grísarár.
- Svæði sunnan Grísarár er skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð í bland við opið svæði til sérstakra nota.
- Heimilt verður að reisa tvö frístundahús á hverri jörð á eftirtöldum svæðum: Vestan Mánárhynu, Siglunesi, Reyðará í Nesdal, Vík í Víkurdal, vestan og norðan Héðinsfjarðarvatns og í Hvanndölum.
- Umfang strandverndarsvæðis í botni Siglufjarðar minnkar.
- Afmörkun náttúruverndarsvæðis er lagfærð til samræmis við náttúruminjaskrá.
- Reiðleið í Héðinsfirði er aflögð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðárið 2004/2005.

1. gr.

20.000 í 3. tl. 3. gr. verði 15.000.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. mars 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélag Leirár í Leirársveit.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Leirár í Leirársveit. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða sem land eiga að Leirá í Leirársveit, en það eru Vogatunga, Beitistaðir, Leirá, Eystri-Leirárgarðar, Vestri-Leirárgarðar og Hávarðsstaðir.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Einnig er verkefni þess að stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi, skaði lífríki þess.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur árlega.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal koma fram veiðitími og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfi er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. mars 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, golfvöllur að Hamri.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. mars 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, frá 19. október 1998.

Breytingin felst í því að landnotkun á hluta golfvallarsvæðisins að Hamri sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakrar notkunar er breytt í verslun, þjónustu og opið svæði til sérstakrar notkunar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. mars 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
261	16. feb.	Auglýsing um váttryggingafjárhæðir í aksturskeppni	357
262	22. feb.	Auglýsing um deiliskipulag fyrir hótél við golfvöllinn í Borgarnesi	358
263	21. feb.	Gjaldskrá fyrir hundahald á Hvolsvelli árið 2005	358-359
264	21. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um viðarumbúðir vara við útflutning, nr. 343/2004	359
265	17. feb.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi ferðapjónustuhúsa að Minni-Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi	360
266	17. feb.	Reglur fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar	360-361
267	5. feb.	Gjaldskrá um sorphirðu í Rangárþingi eystra árið 2005	361-362
268	23. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Öxarfjarðarhreppi 2005	362
269	2. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um notkun erlendra ökutækja, nr. 267 1. júlí 1993	363
270	8. mars	Auglýsing um skatteftirlit skattstjóra Vesturlandsumdæmis og skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra	364
271	18. feb.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Siglufjarðarkaupstað árið 2005	364-365
272	2. mars	Auglýsing um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, breyting vegna aðalskipulags Siglufjarðar	366
273	3. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005	366
274	3. mars	Samþykkt fyrir Veiðifélag Leirár í Leirársveit	367-368
275	2. mars	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, golfvöllur að Hamri	368

